

# **A/F HEIM SLHF.**

verðbréfalýsing

vegna skuldabréfaflokksins HEIM070826

**20. desember 2021**

Umsjónaraðili með töku skuldabréfa til viðskipta:

Arctica Finance hf.



Þessi síða er vísitandi höfð auð.

## Efnisyfirlit

1	Áhættuþættir .....	3
1.1	Almenn áhætta skuldabréfa .....	4
1.2	Nánar um tiltekna áhættuþætti tengda skuldabréfunum .....	4
1.2.1	Seljanleikaáhætta .....	4
1.2.2	Endurgreiðslu- og lausafjáraáhætta .....	5
1.2.3	Mótaðilaáhætta .....	5
1.2.4	Útlánaáhætta .....	6
1.2.5	Markaðsáhætta .....	6
1.2.6	Vaxtaáhætta .....	6
1.2.7	Áhætta vegna skilmálabreytinga .....	6
1.2.8	Vanskilaáhætta .....	7
1.2.9	Áhætta við gjaldþrot .....	7
1.2.10	Umfram- og uppgreiðsluáhætta .....	8
1.2.11	Uppgjörsáhætta .....	8
1.2.12	Verðtryggingaráhætta .....	9
1.2.13	Lagaleg áhætta og ágreiningsmál .....	9
1.3	Lagaumhverfi útgefanda og skuldabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði .....	9
2	Skuldabréfin .....	10
2.1	Fyrirkomulag útgáfu skuldabréfanna .....	10
2.2	Skilmálar og aðrar upplýsingar um skuldabréfin .....	11
2.2.1	Tryggingar og helstu eiginleikar eigna A/F HEIM .....	14
2.2.2	Gjaldfelling vegna vanskila .....	29
2.2.3	Forgangsröðun skuldabréfanna .....	30
2.2.4	Skilmálabreyting .....	30
2.2.5	Breyting á reglum útgefanda .....	30
2.2.6	Rafræn skráning og framsal .....	31
2.2.7	Afskráning .....	31
2.2.8	Réttindi og skyldur .....	31
2.3	Ábyrgðaraðili og rekstraraðili útgefanda .....	31
2.4	Heimild til skuldabréfaútgáfu .....	32
2.5	Lög sem gilda um skuldabréfin .....	32
2.6	Skattamál .....	32
2.7	Tilgangur útgáfu skuldabréfanna .....	33

## Verðbréfalýsing skuldabréfaflokksins HEIM070826

2.8	Ábyrgð á greiðslu útgáfu.....	33
2.9	Taka skuldabréfanna til viðskipta á skipulegum markaði .....	33
2.9.1	Kostnaður vegna töku til viðskipta .....	33
2.10	Tryggingasafnið .....	33
2.10.1	Leigutakar og leigusamningar .....	45
2.10.2	Sala og útskipting eigna.....	45
2.11	Verðmat eigna A/F HEIM.....	47
2.12	Varsla.....	47
2.13	Skipulag og áætlað sjóðstreymi A/F HEIM.....	47
3	Tilkynning til fjárfesta .....	48
3.1	Gildistími og skjöl til sýnis .....	49
3.2	Umsjónaraðili og aðrir ráðgjafar .....	50
3.3	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar .....	51
3.4	Upplýsingar frá þriðja aðila .....	51
3.5	Yfirlýsing ábyrgðaraðila verðbréfalýsingarinnar .....	52
3.6	Yfirlýsingar forstjóra Heimstaden.....	52
3.7	Skilgreiningar .....	53
3.8	Skammstafanir og hugtök .....	54

## 1 Áhættupættir

A/F HEIM slhf., kt. 490321-0120, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík (hér eftir „**A/F HEIM**“) er sérhæfður sjóður í skilningi laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sem rekinn er af A/F Rekstraraðila ehf., kt. 660121-1370, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík (hér eftir „**A/F Rekstraraðili**“). Tilgangur A/F HEIM er fjárfestingarstarfsemi, nánar tiltekið kaup á skuldabréfum í skuldabréfaflokkunum HEIMA071225, HEIMA071248 og HEIMA100646 (hér eftir „**Heimstaden skuldabréfin**“), útgefnum af Heimstaden ehf., kt. 440315-1190, Hlíðarsmára 15, 201 Kópavogur (hér eftir „**Heimstaden**“), sala Heimstaden skuldabréfanna til Heimstaden og lánveitingar til Heimstaden í tengslum við sölu Heimstaden skuldabréfanna, umsýsla vegna fyrrgreindra skuldabréfaviðskipta og lánveitinga til Heimstaden og önnur sú starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við framangreint.

Til að fjármagna kaup á öllum skuldabréfum útgefnum í skuldabréfaflokknum HEIMA071225 gaf A/F HEIM út skuldabréfaflokkinn HEIM070826 (hér eftir „**HEIM26**“ eða „**skuldabréfin**“). Til að fjármagna kaup á öllum skuldabréfum útgefnum í skuldabréfaflokknum HEIMA071248 gaf A/F HEIM út skuldabréfaflokkinn HEIM071248 (hér eftir „**HEIM48**“). Til að fjármagna kaup á öllum skuldabréfum útgefnum í skuldabréfaflokknum HEIMA100646 gaf A/F HEIM út skuldabréfaflokkinn HEIM100646 (hér eftir „**HEIM46**“). Öll skuldabréf í skuldabréfaflokkunum HEIM26, HEIM48 og HEIM46 voru seld eigendum Heimstaden skuldabréfanna, sem allir voru fagfjárfestar í skilningi laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti (skilgreiningu nú að finna í lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga). Um leið og A/F HEIM eignaðist Heimstaden skuldabréfin voru þau seld áfram til Heimstaden og eignaðist A/F HEIM í staðinn kröfur á hendur Heimstaden samkvæmt þremur (3) samningum um seljandalán (hér eftir sameiginlega „**seljandalánin**“), þar sem hvert seljandalánanna var notað til að greiða fyrir skuldabréf í samsvarandi flokki Heimstaden skuldabréfanna. Um seljandalánið sem nýtt var til kaupa Heimstaden á skuldabréfum í HEIMA071225 og sem stendur til tryggingar á skuldbindingum A/F HEIM samkvæmt HEIM26, er nánar fjallað í kafla 2.2.1 „*Tryggingar og helstu eiginleikar eignar A/F HEIM*“.

Fjárfesting í skuldabréfum A/F HEIM felur í sér áhættu. Verðmæti skuldabréfanna getur hækkað eða lækkað. Fjárfestar geta tapað verðmæti allrar fjárfestingar sinnar í skuldabréfunum eða eftir atvikum hluta hennar.

Fjárfestar sem eru að velta fyrir sér kaupum á skuldabréfum útgefnum af A/F HEIM eru hvattir til að kynna sér vel þá áhættupætti sem ræddir eru í verðbréfalýsingu þessari og leggja eigið mat á þá áhættu sem kaupin gætu útsett þá fyrir.

Áhættupættirnir, sem lýst er hér á eftir, eru þeir áhættupættir sem A/F HEIM er kunnugt um og sem að mati A/F HEIM skipta máli varðandi skuldabréfaflokkinn HEIM26, svo meta megi þá áhættu sem falin er í fjárfestingu í skuldabréfum flokksins. Samkvæmt bestu vitund inniheldur kafla 1 *Áhættupættir* í verðbréfalýsingu þessari ásamt kafla 1 „*Áhættupættir*“ í útgefandalýsingu A/F HEIM dagsettri 20. desember 2021 lýsingu á þeim áhættupáttum sem máli skipta við að meta áhættu af fjárfestingu í skuldabréfaflokknum HEIM26. A/F HEIM getur ekki spáð fyrir um líkur þess hvort eða hvenær þeir áhættupættir sem hér er fjallað um muni hafa áhrif á starfsemi félagsins eða verð skuldabréfa útgefnum af því. Þá er ekki hægt að meta fjárhagsleg áhrif einstakra áhættupátta.

Afmörkun á áhættupáttum getur verið með ýmsu móti og þá má flokka með mismunandi aðferðum. Hér er eftir fremsta megni reynt að kortleggja mikilvægustu áhættupætti sem áhrif hafa á skuldabréfin og afmarka þá þannig að skörun þeirra sé sem minnst. Áhrifa fleiri en eins áhættupáttar getur gætt samtímis. Áhrifin felast stundum í einum tímabundnum atburði en í öðrum tilvikum er um langvinn áhrif að ræða. Flestir áhættupættirnir geta komið fram í litlum eða ríkum mæli, áhrif þeirra eru oft á tíðum ekki einhlít og innbyrðis tengsl flókin. Ekki er hægt að setja fram með neinni vissu líkur á því hvort einstakur áhættupáttur geti haft keðjuverkandi áhrif og hrindi af stað fleiri áhættupáttum. Hafa þarf í huga að ómögulegt getur reynst að spá fyrir um hversu mikil áhrif áhættupátta verða og að áhrifin geta komið mjög seint fram. Ekki er því mögulegt að meta

töluleg áhrif einstakra áhættuþátta á skuldabréfin. Þrátt fyrir framangreint er neðangreindum áhættuþáttum raðað eftir alvarleika, að mati útgefanda, þar sem fyrst eru taldir upp þeir áhættuþættir sem alvarlegastir eru.

Ekki er víst að hér sé fjallað um alla áhættuþætti sem gætu haft áhrif á skuldabréfin í framtíðinni, því áhættuþættir sem álitnir eru óverulegir í dag gætu þróast á þann veg að þeir hafi veruleg áhrif síðar. Eins gætu komið fram nýir áhættuþættir í framtíðinni sem ekki eru þekktir í dag. Sá möguleiki er því fyrir hendi að A/F HEIM geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta en þeirra sem hér eru taldir upp og teljast því miðað við núverandi upplýsingar ekki til áhættu.

Lýsing HEIM26, dagsett 20. desember 2021, samanstendur af tveimur aðskildum skjölum; verðbréfalýsingu þessari og útgefandalýsingu. Komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varðar upplýsingar í lýsingunni, á tímabilinu frá því að lýsingin er staðfest og þar til viðskipti með skuldabréfin á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hefjast, mun A/F HEIM útbúa viðauka við lýsinguna í samræmi við ákvæði 23. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði (hér eftir „lýsingarreglugerðin“).

## 1.1 Almenn áhætta skuldabréfa

Skuldabréf bera markaðsáhættu sem felst í því að virði þeirra getur sveiflast ef ávöxtunarkrafa skuldabréfa sveiflast almennt á mörkuðum. Ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði skuldabréfanna og ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði skuldabréfanna. Margvíslegir atburðir geta valdið verðbreytingum á mörkuðum með fjármálagerninga og haft áhrif á virði skuldabréfa, s.s. almennt efnahagsástand, breytingar á lögum og reglum á fjármálamarkaði, skattalöggjöf og ófyrirséðir atburðir. Slíkir atburðir eru utan áhrifasviðs A/F HEIM. Fjármálamarkaðir eru háðir því rekstrarumhverfi sem stjórnvöld skapa þeim á hverjum tíma. Breytingar á lögum og reglum sem gilda um fjármálamarkaði kunna að skapa óróa á mörkuðum og valda verðbreytingum á verðbréfum, þ.m.t. á skuldabréfum.

Fjárfesting í skuldabréfum felur einnig í sér seljanleika- og mótaðilaáhættu, líkt og fjallað verður nánar um hér síðar. Seljanleikaáhætta er hættan á því að ekki sé hægt að selja eign á verði sem næst áætluðu raunvirði og mótaðilaáhætta felst í hættunni á því að mótaðili að samningi efni ekki samning þegar að uppgjöri kemur. Aðrir áhættuþættir tengjast skilmálum og réttindum skuldabréfaútgefanda s.s. vegna vanefndatilvika, veðtrygginga og stöðu skuldabréfafjárfesta gagnvart öðrum skuldbindingum A/F HEIM. Nánar verður fjallað um sértæka áhættuþætti hér á eftir.

Enga tryggingu er hægt að veita fyrir því að fjárfesting í skuldabréfum reynist arðsöm og sérstaklega ekki skuldabréf útgefin af tilteknum útgefanda. Fjárfestum er því bent á að dreifa áhættu sinni og leita sér viðeigandi fjárfestingarráðgjafar. Fjárfestar eru einnig hvattir til að kynna sér vel starfsemi A/F HEIM og skilmála skuldabréfanna ásamt eftirfarandi umfjöllun um áhættuþætti sem og umfjöllun um áhættuþætti sem er að finna í kafla 1 útgefandalýsingar A/F HEIM dagsettri 20. desember 2021, áður en ákvörðun er tekin um að fjárfesta í skuldabréfum sem tilheyra skuldabréfaflokknum HEIM26.

## 1.2 Nánar um tiltekna áhættuþætti tengda skuldabréfunum

### 1.2.1 Seljanleikaáhætta

Seljanleikaáhætta skuldabréfanna felst í því að þrátt fyrir að sótt verði um töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland er ekki hægt að ábyrgjast að skilvirkur markaður myndist með skuldabréfin. Verðmyndun kann því að verða óskilvirk sem veldur því að verulegur munur

getur verið á kaup- og sölugengi. A/F HEIM ber engin skylda til að tryggja slíkan skilvirkan markað og ekki verður viðskiptavakt með skuldabréfin. Þannig getur sú staða komið upp að fjárfestar geti ekki selt skuldabréf útgefin af A/F HEIM þegar þeir vilja selja eða selt á því verði sem væntingar standa til ef framboð þeirra er meira en svo að markaðurinn taki við þeim á tilteknu verði.

### 1.2.2 Endurgreiðslu- og lausafjánhætta

Endurgreiðslu- og lausafjánhætta felst í því að A/F HEIM eigi ekki nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum samkvæmt skuldabréfunum á gjalddaga. A/F HEIM skuldbindur sig til að endurgreiða skuldabréfin á gjalddaga með tekjum sínum og eignum. A/F HEIM ber eitt ábyrgð á fjárskuldbindingum sínum, með eignum sem því tilheyra en þó ber einnig ábyrgðaraðili beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum A/F HEIM, sem ábyrgðaraðili, samanber ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög. A/F Rekstraraðili ber því ekki ábyrgð á skuldbindingum A/F HEIM. Skuldbinding A/F HEIM samkvæmt skuldabréfaflokknum HEIM26 er bein og óskilyrt og nýtur tryggingar í sérstakri eign A/F HEIM, þ.e. HEIM26 seljandaláninu. Um HEIM26 seljandalánið er nánar fjallað í kafla 2.2.1.3 „HEIM26 seljandalánið og veð og ábyrgðir til tryggingar á því“. HEIM26 seljandaláninu er ætlað að mæta greiðsluflæði HEIM26. Sú hætta er til staðar að A/F HEIM eigi ekki nægilegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær gjaldfalla. Greiðslugeta A/F HEIM og þar með lausafjánhættan er að öllu leyti háð greiðslugetu Heimstaden. Greiðsluferill HEIM26 seljandalánsins er sá sami og á HEIM26, þ.e. höfuðstóll seljandalánsins og gjalddagar samkvæmt láninu eru þeir sömu og í tilviki skuldabréfaflokksins HEIM26. Þannig er endurgreiðsla á HEIM26 háð því að Heimstaden standi við skuldbindingar sínar gagnvart A/F HEIM samkvæmt HEIM26 seljandaláninu. Geti Heimstaden ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt HEIM26 seljandaláninu getur það haft verulega neikvæð áhrif á getu A/F HEIM til að standa skil á skuldbindingum sínum samkvæmt HEIM26. Þá hefur Heimstaden gefið út þrjú tryggingarbréf í tengslum við HEIM26 seljandalánið og HEIM48 seljandalánið (skilgreint í kafla 3.7), þar sem veðsettar eru tilteknar fasteignir í eigu Heimstaden og dótturfélaga Heimstaden, Heimstaden III ehf. og Heimstaden IV ehf. til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu HEIM26 seljandalánsins og HEIM48 seljandalánsins. Sjá nánar um þetta í kafla 2.2.1.3 „HEIM26 seljandalánið og veð og ábyrgðir til tryggingar á því“.

### 1.2.3 Mótaðilaáhætta

Almenn mótaðilaáhætta fjárfesta vegna skuldabréfanna er sú að A/F HEIM standi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skuldabréfunum. Standi Heimstaden ekki við skuldbindingar sínar gagnvart A/F HEIM hefur það áhrif á tekjur A/F HEIM og þar með getu þess til þess að standa skil á greiðslum samkvæmt skilmálum skuldabréfanna. Til tryggingar endurgreiðslu á HEIM26 seljandaláninu og HEIM48 seljandaláninu hefur Heimstaden gefið út 3 tryggingarbréf með veði í tilteknu fasteignasafni. Ekki er hægt að útiloka að Heimstaden standi ekki við gerða samninga. Nánari umfjöllun um tryggingar, beinar sem óbeinar er að finna í kafla 2.2.1 „Tryggingar og helstu eiginleikar eigna A/F HEIM“ í verðbréfalýsingu þessari.

Fjárfestingarheimildir A/F HEIM takmarkast við kaup á Heimstaden skuldabréfunum og sala Heimstaden skuldabréfanna til Heimstaden gegn því að Heimstaden undirgangist seljandalán sem endurspeglir viðkomandi skuldabréfaflokk, í þessu tilviki HEIM26 seljandalánið. A/F HEIM er jafnframt heimilt að eiga laust fé, sem þá skal geymt á innlánsreikningi fjármálafyrirtækis. Fjárfestingar A/F HEIM í öðrum eignum eru óheimilar. A/F HEIM er óheimilt að nýta fjármuni sem hann móttekur sem greiðslur vegna seljandalánanna til endurfjárfestingar og verða slíkir fjármunir einungis nýttir til endurgreiðslu á viðkomandi skuldabréfum, sbr. nánar umfjöllun í kafla 2.13 „Skipulag og áætlað sjóðstreymi A/F HEIM“. Lítil sem engin önnur starfsemi fer fram hjá A/F HEIM og eru seljandalánin helstu eignir A/F HEIM. Til að fjármagna kaupin á Heimstaden skuldabréfunum gaf A/F HEIM út fyrrgreinda skuldabréfaflokka, HEIM26, HEIM48 og HEIM46. Skuldabréfaflokkurinn HEIM26 er svo aftur tryggður með veði í HEIM26 seljandaláninu en HEIM26

seljandalánið er svo tryggt með veði í tilteknu eignasafni. Sjá nánar umfjöllun í kafla 2 „Skuldabréfin“ hér síðar. A/F HEIM leitaðist við að hafa skilmála og skilyrði í seljandalánunum, þar á meðal HEIM26 seljandaláninu, þannig að greiðsluflæði afborgana, vaxta og verðbóta standi undir skuldbindingum hans á skuldabréfum sem hann hefur gefið út.

Geta sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt skuldabréfaflokknum mun því alfarið verða háð greiðslum af HEIM26 seljandaláninu frá Heimstaden. Nánast öll mótaðilaáhætta A/F HEIM er því á höndum Heimstaden. Helstu áhættuþættir í rekstri Heimstaden felast í óvissu um virði fasteigna, greiðslugetu leigutaka og áskoranir í viðhaldsmálum. Sjá nánar í kafla 5 „Upplýsingar um Heimstaden“ í útgefendalýsingu A/F HEIM, dags. 20. desember 2021.

#### 1.2.4 Útlánaáhætta

HEIM26 seljandaláninu er ætlað að mæta greiðsluflæði skuldabréfanna. Við dagsetningu þessarar lýsingar eru eignir A/F HEIM seljandalán þar sem mótaðilinn er Heimstaden, sem svo eru tryggð að mestu leyti með veði í fasteignasafni. Sjá nánar umfjöllun í kafla 2.2.1 „Tryggingar og helstu eiginleikar eigna A/F HEIM“. Endurgreiðsla skuldabréfanna er því háð því að mótaðili standi við skuldbindingar sínar gagnvart A/F HEIM samkvæmt HEIM26 seljandaláninu.

Hætta er því á að gæði útlána A/F HEIM (seljandalánin) rýrni, sem leiðir til aukinnar virðisrýrnunar og aukinnar áhættu í lánsafni A/F HEIM. Slík staða getur haft veruleg neikvæð áhrif á sjóðstreymi og afkomu A/F HEIM og þar með getu A/F HEIM til að standa við skuldbindingar sínar.

#### 1.2.5 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta skuldabréfanna felst í þeirri áhættu sem ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni skuldabréfa þ.e. að verð skuldabréfa sveiflist almennt á markaði, ávöxtunarkrafa markaðarins sveiflist almennt eða ávöxtunarkrafa til einstakra skuldabréfaflokka sveiflist. Ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði skuldabréfanna og ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði skuldabréfanna.

#### 1.2.6 Vaxtaáhætta

Almennt lækkar markaðsvirði skuldabréfa, að öðru óbreyttu, ef vextir hækka og öfugt. Óvissa um framtíðarþróun vaxtastigs hefur í för með sér að fjárfestar í skuldabréfum með föstum vöxtum taka áhættu á að gengi skuldabréfsins lækki, ef vextir hækka. Því lengri sem lánstími skuldabréfa er og því lægra sem vaxtastigið er, þeim mun viðkvæmari eru skuldabréfin fyrir hækkun markaðsvaxta, að öðru óbreyttu. Skuldabréfaflokkurinn HEIM26 útgefinn af A/F HEIM eru verðtryggð jafngreiðslubríf með óreglulegu greiðsluflæði til rúmlega 5 ára, með 3,20% föstum vöxtum. Fjárfestar sem kaupa skuldabréf með föstum vöxtum standa frammi fyrir þeirri áhættu að vextir skuldabréfanna og fjárhæð þeirra vaxta sem þeir fá greitt sé lægri en þeir vextir sem bjóðast almennt á markaði. Að öðru óbreyttu þá lækkar oftast markaðsvirði skuldabréfa með föstum vöxtum, ef fjárfestar telja sig geta fengið betri ávöxtun af annarri fjárfestingu. Áhrif vaxtabreytinga eru meiri á lengri skuldabréf en styttri.

#### 1.2.7 Áhætta vegna skilmálabreytinga

Breytingar á skilmálum skuldabréfanna eru háðar samþykki kröfuhafafundar, sem skal boðaður af umboðsmanni kröfuhafa samkvæmt ákvæðum samnings milli A/F HEIM, skuldabréfaeigenda og umboðsmanns kröfuhafa („**umboðssamningurinn**“). Nánar er fjallað um hvenær skuli boða til kröfuhafafunda, atkvæðisrétt á kröfuhafa fundum og fleira í kafla 2.2.1 „Tryggingar og helstu eiginleikar eigna A/F HEIM“.

Engar takmarkanir eru á því hvaða skilmálum er heimilt að breyta. Ákvarðanir kröfuhafafunda skulu einungis teljast samþykktar ef atkvæði eru greidd með þeim í eftirfarandi hlutföllum:

— Ef ekki er kveðið á sérstaklega um annað þarf samþykki a.m.k 2/3 hluta atkvæða sem farið



er með á kröfuhafafundi til ákvarðanatöku.

- Ákvörðun um að gjaldfella kröfur þarfnast samþykkis meira en 1/3 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi. Hafi gjaldfellingarheimild myndast vegna vanefnda á greiðslu höfuðstóls eða vaxta af skuldabréfunum nægir þó samþykki meira en 1/10 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi.
- Eftirfarandi ákvarðanir þarfnast samþykkis 9/10 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi:
  - a. Breytingar á vaxtakjörum.
  - b. Breytingar á gjalddögum vaxta eða höfuðstóls, nema um sé að ræða einstaka tímabundnar undanþágur (e. waiver) sem ekki eru ákveðnar til lengri tíma en sex mánaða í senn.
  - c. Breytingar á uppgreiðsluheimild og uppgreiðslugjaldi.
  - d. Breytingar á höfuðstólsfjárhæð.
  - e. Samþykki f.h. kröfuhafa HEIM26 á veðhafafundi fyrir afléttingu veða af lykileignum (eins og það hugtak er skilgreint í Heimstaden veðsamningnum) eða breytingum á réttindum varðandi lykileignir.
  - f. Breytingar á umboðssamningnum, samþykki fyrir breytingum á veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu f.h. kröfuhafa. Framangreint á þó ekki við um breytingar sem leiðir af því að nýr aðili tekur við hlutverki umboðsmanns kröfuhafa í samræmi við umboðssamninginn eða leiðir af tilkynningu um nýjan viðtakanda tilkynninga eða breytt heimilisfang eða sambærilegar breytingar á veðhafa- og veðgæslusamningnum.

Þar sem ekki þarf samþykki allra eigenda skuldabréfanna fyrir skilmálabreytingum er sú hættu fyrir hendi að skilmálabreyting verði samþykkt þrátt fyrir að tilskilinn fjöldi eigenda skuldabréfanna, miðað við fjárhæð, hafi metið skilmálabreytinguna sem verri kost fyrir sig.

### 1.2.8 Vanskilaáhætta

Vanskilaáhætta felur í sér þá áhættu að A/F HEIM geti ekki uppfyllt skyldur sínar um endurgreiðslu á gjalddaga. Með skuldabréfunum skuldbindur A/F HEIM sig til að greiða skuldabréfin á gjalddaga og ber eitt ábyrgð á þeirri skuldbindingu með eignum sem tilheyra honum hverju sinni. Þrátt fyrir framangreint skal bent á umfjöllun í kafla 2.2.1 „*Tryggingar og helstu eiginleikar eigna A/F HEIM*“ í verðbréfalýsingu þessari. Þar er fjallað um þær eignir sem eru settar að veði fyrir skilvísri og skaðlausri greiðslu samkvæmt skuldabréfunum, HEIM26 seljandaláninu og sjálfskuldarábyrgð Heimstaden AB (publ) fyrir skuldbindingum Heimstaden samkvæmt seljandalánunum.

Vanefni A/F HEIM greiðslu afborgana eða vaxta af skuldabréfunum ber A/F HEIM að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Ógreiddir dráttarvextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir fyrsta dag vanskila.

### 1.2.9 Áhætta við gjaldþrot

Ef sú staða kemur upp að A/F HEIM hefur ekki innt af hendi útistandandi fjárhæð skuldabréfanna 15 bankadögum eftir gjalddaga, nema í þeim tilvikum þar sem greiðsludrátt er alfarið að rekja til tæknilegra þátta er varða umsýslu, enda eigi greiðsla sér þá stað innan 15 bankadaga frá því að leyst var úr tæknilegum þáttum eða umsýsluatriðum, í báðum tilfellum á réttum stað og í réttum gjaldmiðli þá er umboðsmanni kröfuhafa heimilt að óska eftir því að veðgæsluaðili boði til veðhafafundar til að ákveða hvort gjaldfella eigi skuldabréfin. Ef umboðsmaður kröfuhafa verður

var við vanefndatilvik, sem ekki hefur verið bætt úr, þá ber honum skylda til að boða til kröfuhafafundar.

Ef A/F HEIM innir ekki af hendi á gjalddaga greiðslu samkvæmt einhverjum samningi eða samningum sem leggur á A/F HEIM greiðsluskyldu og samningurinn hafi annaðhvort verið gjaldfældur eða gjaldfellingarheimild hefur myndast, enda sé samtala þeirra skulda sem gjaldfallnar eru eða heimilt er að gjaldfella hærri en 250.000.000 kr., nema réttlætanlegum mótmælum og eðlilegum vörnum sé haldið uppi af hálfu A/F HEIM, ef árangurslaust fjárnám er gert hjá A/F HEIM, komi fram ósk um gjaldprotaskipti á búi A/F HEIM, óskað er eftir greiðslustöðvun, leiti A/F HEIM nauðasamninga, séu eignir A/F HEIM auglýstar á nauðungaruppboði eða ef staða A/F HEIM verður slík að því ber skylda, samkvæmt lögum um gjaldprotaskipti o.fl. nr. 21/1991, til að gefa bú sitt upp til gjaldprotaskipta er heimilt, en ekki skylt, að fella alla skuldina skv. skuldabréfafloknum í gjalddaga (gjaldfelling) í samræmi við ákvæði skuldabréfanna um samþykki fyrir gjaldfellingu, sjá nánar í útgáfulýsingu HEIM26, dagsett 6. júlí 2021.

Þá er það gjaldfellingarheimild samkvæmt skilmálum skuldabréfaflokksins að heimild til að leita fullnustu í HEIM26 seljandaláninu samkvæmt Heimstaden veðsamningnum verði virk (sjá umfjöllun um Heimstaden veðsamninginn í kafla 2.2.1.2 „*Heimstaden veðsamningurinn*“). Heimild til að leita fullnustu í HEIM26 seljandaláninu verður virk ef vanefndatilvik verður virkt samkvæmt HEIM26 seljandaláninu. Eitt af vanefndatilvikum HEIM26 seljandaláninu er ef Heimstaden innir ekki af hendi á gjalddaga greiðslu samkvæmt einhverjum samningi eða samningum sem leggur Heimstaden greiðsluskyldu og samningurinn hafi annaðhvort verið gjaldfældur eða gjaldfellingarheimild hefur myndast, enda sé samtala þeirra skulda sem gjaldfallnar eru eða heimilt er að gjaldfella hærri en 250.000.000 kr., nema réttlætanlegum mótmælum og eðlilegum vörnum sé haldið uppi af hálfu Heimstaden, ef árangurslaust fjárnám er gert hjá Heimstaden, komi fram ósk um gjaldprotaskipti á búi Heimstaden, óskað er eftir greiðslustöðvun, leiti Heimstaden nauðasamninga, séu eignir Heimstaden auglýstar á nauðungaruppboði eða ef staða Heimstaden verður slík að því ber skylda, samkvæmt lögum um gjaldprotaskipti o.fl. nr. 21/1991, til að gefa bú sitt upp til gjaldprotaskipta.

Gjaldfelling skuldabréfaflokksins er því raunveruleg áhætta komi til gjaldprotaskiptakröfu (eða önnur sambærileg tilvik) á hendur annars vegar A/F HEIM og hins vegar Heimstaden.

Allar gjaldfellingarheimildir skuldabréfaflokksins eru háðar því að gjaldfelling verði samþykkt á veðhafafundi. Um form og efni veðhafafundar, samþykkishlutföll og annað fer eftir ákvæðum veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins sem gert var í tengslum við útgáfu á skuldabréfafloknum og fjallað er um í kafla 2.2.1 „*Tryggingar og helstu eiginleikar eigna A/F HEIM*“.

### 1.2.10 Umfram- og uppgreiðsluáhætta

Skuldabréfaflokkur HEIM26 er með uppgreiðslu- og umframgreiðsluheimild sem heimilar A/F HEIM, frá og með 7. janúar 2024, að endurgreiða fjárfestum skuldabréfanna fjárhæð þess að fullu eða hluta. Því kann raunveruleg ávöxtun skuldabréfanna að vera óhagstæðari fjárfestum en vænt ávöxtun og verða því fjárfestar að gera ráð fyrir því að greiðslufæði þeirra af skuldabréfinu geti verið óreglulegt og að skuldabréfin kunni að verða greidd upp að fullu áður en kemur að lokagjalddaga.

Hætta er á að fjárfestar geti ekki endurfjárfest uppgreiðslufjárhæðinni á sömu kjörum á markaðinum.

### 1.2.11 Uppgjörsáhætta

Í tengslum við möguleg viðskipti með HEIM26 seljandalánið er sú áhætta til staðar að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst var sökum þess að Heimstaden greiðir eða afhendir ekki greiðslu á réttum tíma.

### 1.2.12 Verðtryggingaráhætta

Skuldabréfin eru verðtryggð miðað við dagsvísitölu vísitölu neysluverðs (VNV). Verðtryggingin hefur þau áhrif að höfuðstóll skuldabréfanna breytist í samræmi við breytingar á grunnvísitölu skuldabréfanna og gildi vísitölnunnar á hverjum afborgunar- og vaxtagjalddaga. Breytingar á vísitölnunni hafa einnig áhrif á greidda vexti af skuldabréfunum, enda er höfuðstóll uppreiknaður miðað við gildi vísitölnunnar áður en vextir eru reiknaðir. Verðbólga hefur því bein jákvæð eða neikvæð áhrif á virði skuldabréfaflokksins.

### 1.2.13 Lagaleg áhætta og ágreiningsmál

Um skuldabréfin gilda íslensk lög sem í gildi voru þegar verðbréfalýsing þessi var birt. Lög, reglugerðir og reglur sem gilda um skuldabréfin og starfsemi A/F HEIM geta tekið breytingum á líftíma skuldabréfanna og geta haft áhrif á A/F HEIM og fjárfesta. A/F HEIM getur ekki eðli málsins samkvæmt ábyrgst áhrif lagabreytinga, dómsúrskurða eða annarra stjórnvaldsákvæðana.

A/F HEIM er sérhæfður sjóður í rekstri A/F Rekstraraðila, í samræmi við lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Samkvæmt XI. kafla laganna hefur Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík (hér eftir „**Fjármálaeftirlitið**“) eftirlit með rekstraraðilum sérhæfðra sjóða og þar með að sjóðarekstur þeirra sé í samræmi við lög og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Fjárfestingar sem A/F HEIM er aðili að geta falið í sér hættu á ágreiningi um túlkun á efni samninganna og slíkt getur leitt af sér fjárhagslegt tjón fyrir A/F HEIM.

A/F HEIM er ekki kunnugt um að nein stjórnslumál, dóms- eða gerðardómsmál, sem beint er gegn A/F HEIM séu í gangi, séu yfirvofandi eða hafa verið í gangi síðastliðna 12 mánuði sem kunna að hafa eða hafa að undanfögnu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi A/F HEIM.

A/F HEIM kann að verða aðili að dómsmálum eða kröfugerðum af hendi þriðja aðila. Ekki er hægt að útiloka að dómsúrskurðir eða stjórnvaldsákvæðanir verði A/F HEIM óhagfelldir.

## 1.3 Lagaumhverfi útgefanda og skuldabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði

Verðbréfalýsing þessi er hluti af lýsingu sem birt er í tengslum við umsókn A/F HEIM um að skuldabréfaflokkurinn HEIM26 verði tekinn til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „**Nasdaq Iceland**“). Aðalmarkaður Nasdaq Iceland er skipulegur markaður í skilningi laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga.

Um skuldabréfin gilda íslensk lög og eru þau verðbréf í skilningi 63. tl. 1. mgr. 4 gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi., kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „**Nasdaq verðbréfamiðstöð**“) og gilda því einnig um skuldabréfin lög nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

A/F HEIM er samlagshlutafélag sem er rekið sem sérhæfður sjóður, sbr. lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. A/F Rekstraraðili, rekstraraðili A/F HEIM fer með fyrirvar fyrir A/F HEIM. Hvorki A/F Rekstraraðili né hluthafar í A/F HEIM bera ábyrgð á skuldbindingum A/F HEIM og standa eignir A/F HEIM og ábyrgðaraðila einar undir mögulegum skuldbindingum þess, sbr. 71. og 72. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sjá þó nánar um tryggingar að baki skuldabréfunum í kafla 2.2.1 „*Tryggingar og helstu eiginleikar eigna A/F HEIM*“ í verðbréfalýsingu þessari.

Verðbréfalýsing þessi, ásamt útgefandalýsingu A/F HEIM, dagsettri 20. desember 2021 (saman nefnt „**lýsingin**“) er gerð til að koma á framfæri upplýsingum um skuldabréfaflokkinn HEIM26 vegna

fyrirhugaðra töku til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Lýsingin er gerð í samræmi við lög nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði (hér eftir „**lög um lýsingar**“) og reglugerð nr. 274/2020 um framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 um viðbætur við lýsingarreglugerðina, að því er varðar sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Lýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðaukum 7 og 15 í framseldri reglugerð (ESB) nr. 2019/980. Jafnframt er lýsingin útbúin með hliðsjón af reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga, sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland, 1. september 2021. Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirlitinu, í samræmi við lýsingarreglugerðina.

Fjármálaeftirlitið staðfestir aðeins viðkomandi lýsingu í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm því sem kveðið er á um í lýsingareglugerðinni. Ekki ber að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem viðkomandi lýsing varðar.

Frá því að A/F HEIM óskar eftir því að skuldabréf verði tekin til viðskipta á Nasdaq Iceland gilda um útgefandann og skuldabréfin ákvæði laga, reglugerða og reglna um útgefendur verðbréfa og verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði, eins og þau eru á hverjum tíma, m.a. lög nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti og reglugerðir settar á grundvelli laganna, reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012, um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, reglugerð nr. 630/2005, um innherjaupplýsingar og markaðssvik og reglugerð nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu. Umsókn A/F HEIM um töku skuldabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland telst vera fullgild þegar lýsing staðfest af Fjármálaeftirlitinu hefur verið birt.

Brot A/F HEIM á framangreindum lögum, reglugerðum settum á grundvelli þeirra og reglum Nasdaq Iceland og Fjármálaeftirlitsins geta haft neikvæð áhrif á fjárhag og ímynd A/F HEIM. Viðurlög við brotum á reglum Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga geta meðal annars falist í áminningu sem Nasdaq Iceland hefur heimild til að birta opinberlega, tímabundinni stöðvun á viðskiptum, viðurlögum í formi févítis og/eða að Nasdaq Iceland taki verðbréf A/F HEIM úr viðskiptum. Um viðurlög við brotum á lögum nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti fer eftir XV. kafla laganna og 12. gr. laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Fjárfestar sem fjárfesta í skuldabréfum A/F HEIM sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði falla undir lög og reglur um verðbréfaviðskipti, s.s. reglur um viðskipti innherja.

## 2 Skuldabréfin

### 2.1 Fyrirkomulag útgáfu skuldabréfanna

Sérhæfði sjóðurinn A/F HEIM var stofnaður sérstaklega í þeim tilgangi að kaupa skuldabréf í skuldabréfaflokkunum HEIMA071225, HEIMA071248 og HEIMA100646, útgefnum af Heimstaden (áður Heimavellir ehf.) og til að selja þau til Heimstaden gegn því að Heimstaden undirgengist seljandalánin og tryggði þau með sömu tryggingarréttindum og stóðu framangreindum skuldabréfaflokkum til tryggingar. Daglegur rekstur A/F HEIM er lítill að umsvifum og er samkvæmt samningi þar að lútandi í höndum A/F Rekstraraðila. Rekstur A/F HEIM takmarkast nú við umsjón með eignum og skuldum hans.

Skuldabréfaflokkur sá sem er andlag lýsingar þessarar, skuldabréfaflokkurinn HEIM26, var útgefinn í þeim tilgangi að kaupa skuldabréf HEIMA071225. Upphaflegt nafnverð útgáfu skuldabréfaflokksins HEIMA071255 var 880.000.000 kr. og var því ráðstafað til niðurgreiðslu annarra skulda útgefenda þess, Heimstaden.

Heildarheimild skuldabréfaflokksins er 4.814.469.913 kr. og eru nafnverðseiningar 20.662.961 kr.

## Verðbréfalýsing skuldabréfaflokksins HEIM070826

Fyrsta og eina útgáfa skuldabréfanna nam 4.814.469.913 kr. og er heildarheimild því fullnýtt. Skuldabréfin voru seld á ávöxtunarkröfunni 2,005%.<sup>1</sup>

Upphaflegur tilgangur töku HEIM071225 (og nú töku HEIM26) til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland er að veita fjárfestum upplýsingar um fjárhags- og viðskiptastöðu útgefanda með reglubundnum og stöðluðum hætti. Þetta er m.a. gert með því að færa A/F HEIM undir reglur Nasdaq Iceland og ákvæði laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti, er varða upplýsingagjöf, eins og þau eru á hverjum tíma. Jafnframt er reiknað með því að taka bréfanna til viðskipta muni auka markaðshæfi þeirra og seljanleika fyrir fjárfesta.

### 2.2 Skilmálar og aðrar upplýsingar um skuldabréfin

Auðkenni:	HEIM070826
Útgefandi:	A/F HEIM slhf.
LEI kóði:	5493001NLNGNT9E57M18
Ábyrgð á greiðslu útgáfu	A/F HEIM ber eitt ábyrgð á greiðslu þessa skuldabréfs. A/F HEIM ber eitt ábyrgð á fjárskuldbindingum sínum, þar með talið skuldabréfunum en þá ber ábyrgðaraðili einnig beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum A/F HEIM, sem ábyrgðaraðili, samanber ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Sjá þó um tryggingar að baki skuldabréfaútgáfunni, kafli 2.2.1 „Tryggingar og helstu eiginleikar eigna A/F HEIM“
ISIN nr.:	IS0000033033
Skráning í kauphöll:	Já, skuldabréfin verða skráð.
Tegund skuldabréfs:	Jafngreiðslubréf (annuitet) með óreglulegu greiðsluflæði.
Heildarheimild útgáfu:	4.814.469.913 kr.
Fjárhæð útgefin nú:	0 kr.
Áður útgefið:	4.814.469.913 kr.
Fjárhæð útgefin samtals:	4.814.469.913 kr.
Útgáfudagur:	12. júlí 2021
Lokagjalddagi	7. ágúst 2026
Greiðsla vaxta og höfuðstóls:	Endurgreiðsluferill skuldabréfanna fylgir ekki líftíma þeirra en skuldabréfin ber að greiða að fullu með 61 greiðslum á eins mánaða fresti þannig að á fyrstu 60 gjalddögum skal greiðsla

<sup>1</sup> Ávöxtun er reiknuð út á útgáfudegi á grunni útgáfuverðs og gefur ekki til kynna framtíðarávöxtun

	<p>höfuðstóls vera með jafngreiðsluaðferð (e. annuity) til 28 ára með 60 greiðslum á eins mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 7. ágúst 2021. Á lokagjalddaga þann 7. ágúst 2026, eða á 61. gjalddaga skuldabréfanna, greiðast eftirstöðvar höfuðstóls, áfallinna vaxta og verðbóta.</p> <p>Eftirfarandi jafna er notuð við útreikning afborgana á fyrstu 60 gjalddögum:</p> $A = \frac{r(1+r)^{k-1}}{(1+r)^n - 1} \times (h \times IR)$ <p>Þar sem:</p> <p>A = fjárhæð hvernar afborgunar  höfuðstóls r = c/(fjöldi afborgana á hverju ári)  c = grunnvextir  skuldabréfanna h = höfuðstóll  skuldabréfanna  n = heildarfjöldi afborgana af skuldabréfunum  k = fjöldi greiddra afborgana af skuldabréfunum + 1 (k = 0 á útgáfudegi, k = 1 á fyrsta gjalddaga, o.s.frv.).</p> <p>IR (Verðbótastuðull) = <math>\frac{\text{Vísitala á gjalddaga}}{\text{Grunnvísitala}}</math>.</p>
<p>Vextir:</p>	<p>3,20% (fastir, flatir vextir, dagaregla 30/360)</p> <p><b>Vaxtatímabil</b></p> <p>Fyrsta vaxtatímabil skuldabréfanna hefst við útgáfudag þess þann 12. júlí 2021 og lýkur þann 6. ágúst 2021 á deginum fyrir upphafsdag annars vaxtatímabils. Eftir það skal hvert vaxtatímabil vera einn mánuður til lokagjalddaga.</p> <p><b>Dráttarvextir</b></p> <p>Vanefni A/F HEIM greiðslu afborgana eða vaxta af skuldabréfunum ber honum að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni eða gjaldfeldri fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags.</p> <p>Ógreiddir dráttarvextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir fyrsta dag vanskila.</p>

Verðtrygging:	<p>Skuldabréfin eru bundin vísitölu neysluverðs til verðtryggingar á Íslandi gefin út af Hagstofu Íslands (einnig „verðtryggingarvísitalan“) og miðuð við grunnvísitölugildið 501,87667 þann 12.7.2021.</p> <p>Höfuðstóll skuldabréfanna breytist í hlutfalli við breytingar á verðtryggingarvísitölunni frá grunnvísitölugildi fram til vísitölugildis (eins og tilgreint er hér að neðan) á fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á milli síðari gjalddaga.</p> <p>Vísitölugildi hvers gjalddaga er reiknað með línulegri brúun milli gildis verðtryggingarvísitölunnar („dagvísitölu“) sem gildir í þeim mánuði sem viðkomandi gjalddagi tilheyrir og gildis verðtryggingarvísitölunnar í næsta mánuði þar á eftir.</p> <p>Eftirfarandi jafna skilgreinir útreikning hvers dagvísitölugildis:</p> $V_d^* = V_M + \frac{d}{D}(V_{M+1} - V_M)$ <p>Þar sem:</p> <p>M = sá mánuður sem gjalddagi tilheyrir  d = fjöldi daga frá upphafsdegi mánaðar M fram til gjalddaga, byggt á dagareglunni 30/360  D = fjöldi daga í mánuði M, byggt á dagareglunni 30/360  V<sub>d</sub> = dagvísitala á vaxtagjalddaga  V<sub>M</sub> = gildi verðtryggingarvísitölunnar í mánuði M  V<sub>M+1</sub> = gildi verðtryggingarvísitölunnar í næsta mánuði á eftir mánuði M</p>
Dagaregla:	30/360
Fyrsti vaxtadagur:	12. júlí 2021
Fyrsti gjalddagi vaxta:	7. ágúst 2021
Nafnverðseiningar:	20.662.961 kr.
Gjaldmiðill	ISK
Útreikningsaðili	T Plús hf.
Uppgreiðsluheimild/ uppgreiðsluskylda:	A/F HEIM er heimilt að umframgreiða skuldabréfin að hluta eða öllu leyti frá og með 7. janúar 2024 án umframgreiðslugjalds.

Tryggingar	Til tryggingar á efndum skuldabréfanna veitir A/F HEIM veðréttindi yfir HEIM26 seljandaláninu. Sjá nánar kafla 2.2.1 „Tryggingar og helstu eiginleikar eigna A/F HEIM“.
Veðgæsluaðili:	Lex ehf., kt. 570297-2289, Borgartúni 26, 105 Reykjavík. Sjá umfjöllun um veðgæsluaðila í kafla 2.2.1 „Tryggingar og helstu eiginleikar eigna A/F HEIM“.
Hlutverk veðgæsluaðila:	Sjá umfjöllun um veðgæsluaðila í kafla 2.2.1 „Tryggingar og helstu eiginleikar eigna A/F HEIM“.
Heimild:	Samkvæmt staðfestum reglum A/F HEIM.
Stimpilgjald:	Nei.
Skuldabréfaeigendur:	Allir þeim sem eiga kröfur á A/F HEIM á grundvelli skuldabréfa í skuldabréfaflokknum og geta framvísað staðfestingu á eign sinni á vörslureikningi hjá reikningsstofnun með sannanlegum hætti.
Ágreiningsmál:	Mál út af skuldabréfunum má reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 2.2.1 Tryggingar og helstu eiginleikar eigna A/F HEIM

Á grundvelli veðsamnings, dags. 12. júlí 2021, milli A/F HEIM og veðgæsluaðila, f.h. kröfuhafa skuldabréfanna („**Heimstaden veðsamningurinn**“) eru skuldabréf útgefin á grundvelli skuldabréfaflokksins HEIM26 tryggð með veði yfir kröfum A/F HEIM á hendur Heimstaden, samkvæmt HEIM26 seljandaláninu. Verði gengið að veðréttindum yfir HEIM26 seljandaláninu samkvæmt Heimstaden veðsamningnum tekur veðgæsluaðili, f.h. kröfuhafa, yfir öll réttindi A/F HEIM samkvæmt HEIM26 seljandaláninu sem og þeim tryggingum og ábyrgðum sem standa HEIM26 seljandaláninu til tryggingar. Veðandlaginu, þ.e. HEIM26 seljandaláninu og þeim tryggingum og ábyrgðum sem standa því til tryggingar, er lýst í kafla 2.2.1.3 „HEIM26 seljandalánið og veð og ábyrgðir til tryggingar á því“, hér á eftir en Heimstaden veðsamningnum sjálfum er lýst í kafla 2.2.1.2 „Heimstaden veðsamningurinn“.

### 2.2.1.1 Tryggingafyrirkomulagið

#### Almennt

Skuldabréfin eru veðtryggð samkvæmt tryggingafyrirkomulagi sem stofnað var til í tengslum við útgáfu á skuldabréfum í flokkunum HEIM26 og HEIM48. Tryggingafyrirkomulaginu var komið á fót þann 12. júlí 2021 með gerð Heimstaden veðsamningsins (skilgreindur hér að neðan), undirritun veðhafa- og veðgæslusamkomulags og umboðssamninga.

Fyrirgreind skjöl, eins og þeim kann eftir atvikum að vera breytt, munu því gilda um sameiginleg veðréttindi veðhafa en skjölin má finna á vefsíðu A/F HEIM, nú [www.arctica.is/afrekstraradili-serhaefdir-sjodir/af-heim/skuldabrefafjarmognun/](http://www.arctica.is/afrekstraradili-serhaefdir-sjodir/af-heim/skuldabrefafjarmognun/) (hér eftir „tryggingafyrirkomulagið“).

Á grundvelli Heimstaden veðsamningsins verða skuldabréfin tryggð með veði yfir kröfum A/F HEIM á hendur Heimstaden samkvæmt HEIM26 seljandaláninu. Verði gengið að veðréttindum yfir HEIM26 seljandaláninu samkvæmt Heimstaden veðsamningnum tekur veðgæsluaðili, f.h. kröfuhafa, yfir öll réttindi A/F HEIM samkvæmt seljandaláninu sem og þeim tryggingum og ábyrgðum sem standa seljandaláninu til tryggingar.



Veðandlaginu, þ.e. HEIM26 seljandaláninu og þeim tryggingum og ábyrgðum sem standa því til tryggingar, er lýst hér neðar.

Með veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu, sem lýst er nánar hér á eftir, er skipaður veðgæsluaðili fyrir tryggingafyrirkomulagið. Veðgæsluaðili gætir hagsmuna veðhafa gagnvart A/F HEIM. Hlutverki veðgæsluaðila er nánar lýst hér á eftir en að öðru leyti er vísað til veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins.

Skipaður hefur verið umboðsmaður kröfuhafa fyrir hvorn skuldabréfaflokkinn HEIM26 og HEIM48 sem falla undir tryggingafyrirkomulagið. Umboðsmaður kröfuhafa skal koma fram fyrir hönd kröfuhafa gagnvart A/F HEIM og veðgæsluaðila og annast öll samskipti við framangreinda aðila fyrir hönd kröfuhafa, þ.m.t. á grundvelli veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins. Umboðsmaður kröfuhafa skal þannig mæta á veðhafafundi sem haldnir eru samkvæmt veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu, greiða þar atkvæði og koma fram f.h. kröfuhafa í samræmi við ákvarðanir kröfuhafafundar. Hlutverki umboðsmanns kröfuhafa er nánar lýst hér á eftir en að öðru leyti er vísað til umboðssamnings.

Með því að fjárfesta í skuldabréfum sem falla undir tryggingafyrirkomulagið þá samþykkja fjárfestar sjálfkrafa efni ofangreindra skjala og skuldbinda sig til að hlíta ákvæðum þeirra. Sérstök athygli er vakin á því að með fjárfestingu í skuldabréfunum gerast fjárfestar sjálfkrafa aðilar að umboðssamningi við viðkomandi umboðsmann kröfuhafa en tryggingafyrirkomulagið gerir jafnframt ráð fyrir því að umboðsmaður kröfuhafa skuldbindi fjárfesta, í þeirra umboði, í samræmi við veðhafa- og veðgæslusamkomulagið. Mikilvægt er fyrir fjárfesta að kynna sér vel ákvæði skjalanna þar sem þau fela m.a. í sér að kröfuhafar afsala sér ákveðnum réttindum sem þeir ella hefðu skv. íslenskum lögum. Þannig er t.a.m. einungis hægt að gjaldfella skuldabréfin með ákvörðun sem tekin er á kröfuhafafundi. Einnig hafa veðhafar afsalað sér rétti til að ganga að veðum að eigin frumkvæði, en ákvarðanir varðandi fullnustu veða er tekin á veðhafafundi.

Lýsing á helstu ákvæðum Heimstaden veðsamningsins, veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins, og umboðssamnings má finna hér á eftir. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér skjölin í heild sinni en þau má nálgast á vefsíðu A/F HEIM, nú [www.arctica.is/afrekstraradili/serhaefdir-sjodir/af-heim/skuldabrefafjarmognun/](http://www.arctica.is/afrekstraradili/serhaefdir-sjodir/af-heim/skuldabrefafjarmognun/).

### 2.2.1.2 Heimstaden veðsamningurinn

Í Heimstaden veðsamningnum er mælt fyrir um að kröfur samkvæmt HEIM26 seljandaláninu séu veðsettar til tryggingar á skilvísri og skaðlausri greiðslu A/F HEIM á skuldum samkvæmt skuldabréfunum. Réttarvernd veðréttarins er tryggð með því að A/F HEIM sendi Heimstaden tilkynningu um veðsetninguna og fékk til baka staðfestingu frá Heimstaden um móttöku og að Heimstaden losni ekki undan greiðsluskyldu sinni samkvæmt HEIM26 seljandaláninu nema með greiðslum sem samrýmast Heimstaden veðsamningnum. Fer veðgæsluaðili með veðrétt veðhafa í þeirra umboði.

A/F HEIM skuldbindur sig til að ganga úr skugga um að Heimstaden greiði allar afborganir og vaxtagreiðslur af HEIM26 seljandaláninu inn á svokallaðan Corporate Action reikning („CA reikning“) hjá vörsluaðila A/F HEIM með fyrirmælum um að vörsluaðili greiði allar slíkar greiðslur inn á vörslureikning A/F HEIM hjá vörsluaðilanum. Vörsluaðili annast svo færslu greiðslna yfir á vörslureikning A/F HEIM hjá vörsluaðila og þaðan á uppgjörreikning, þaðan sem vörsluaðili mun svo staðfesta greiðsluna í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar (Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi) sem dreifir greiðslunum til viðkomandi vörsluaðila kröfuhafa í uppgjörshring til efnda á greiðsluskuldbindingu A/F HEIM samkvæmt skuldabréfunum.

Veðgæsluaðili fær umboð A/F HEIM m.a. til að koma fram fyrir hönd og í umboði A/F HEIM sem veðgæsluaðili samkvæmt tryggingarbréfum sem standa seljandaláninu til tryggingar og fara með öll þau völd og sinna því hlutverki sem veðgæsluaðila er falið samkvæmt fyrrgreindum skjölum.

## Veðbréfalýsing skuldabréfaflokksins HEIM070826

Veðgæsluaðila er heimilt að framselja öll réttindi sín og skyldu samkvæmt Heimstaden veðsamningnum til nýs veðgæsluaðila sem skipaður kann að vera fyrir HEIM26 skuldabréfaflokkinn.

A/F HEIM er óheimilt, án samþykkis veðgæsluaðila, meðan veðrétturinn er í gildi að:

- ráðstafa HEIM26 seljandaláninu með hvaða hætti sem er;
- samþykkja breytingu á skilmálum HEIM26 seljandalánsins eða gefa eftir réttindi samkvæmt HEIM26 seljandaláninu;
- gjaldfella HEIM26 seljandalánið;
- gera kröfu á grundvelli sjálfskuldarábyrgðarinnar (skilgreind í kafla 2.2.1.3 „HEIM26 seljandalánið og veð og ábyrgðir til tryggingar á því“);
- samþykkja breytingu á skilmálum tryggingarbréfa, sjálfskuldarábyrgðarinnar eða gefa eftir réttindi samkvæmt þeim;
- samþykkja breytingu á veðandlagi tryggingarbréfa;
- samþykkja breytingu á samningnum við eftirlitsaðila eða skipa nýjan staðfestingaraðila líkt og þeir eru skilgreindir í Heimstaden veðsamningnum;
- breyta eða víkja frá ákvæðum vörslusamnings að því er varðar innheimtu greiðslna samkvæmt seljandaláninu og framkvæmd greiðslna samkvæmt skráðu skuldabréfunum.

Hafi skuldabréfin verið gjaldfelld og ákvörðun tekin um að ganga að veði yfir HEIM26 seljandaláninu skal veðgæsluaðila, f.h. kröfuhafa, vera heimilt að:

- Láta selja hið veðsetta nauðungarsölu fyrir útistandandi veðtryggðum kröfum, án undanengings dóms, sáttar eða fjárnáms, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. aga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.
- Selja hið veðsetta í almennri sölu fyrir útistandandi veðtryggðum kröfum. Skal hann þó ávallt leitast við að fá sem hæst verð fyrir hið veðsetta á þeim tíma sem það er selt.
- Leysa til sín hið veðsetta á eðlilegu og sanngjörnu markaðsvirði.

Leysi veðgæsluaðili hið veðsetta til sín, f.h. kröfuhafa, fylgja hinu veðsetta öll þau veðréttindi og tryggingar sem sett hafa verið til tryggingar greiðslu af hálfu Heimstaden á skuldum sínum samkvæmt HEIM26 seljandaláninu. Þá fyrst eftir að gengið hefur verið að veðrétti yfir HEIM26 seljandaláninu skal veðgæsluaðila, f.h. kröfuhafa, heimilt að gera kröfu á grundvelli sjálfskuldarábyrgðarinnar.

Komi til fullnustu veða skal veðgæsluaðili ráðstafa öllum fjármunum sem hann móttækur til greiðslu á hinum veðtryggðu kröfum í samræmi við ákvæði veðhafa- og veðgæslusamningsins við veðgæsluaðila. Samkvæmt veðhafa- og veðgæslusamningnum er hlutverk veðgæsluaðila að:

- gæta hagsmuna kröfuhafa gagnvart A/F HEIM og vera í samskiptum við umboðsmenn kröfuhafa;
- ganga úr skugga um að veðin sem veitt eru samkvæmt Heimstaden veðsamningnum séu gild og réttarvernd undirliggjandi veðréttinda sé tryggð;
- hafa umsjón með veðréttindum samkvæmt Heimstaden veðsamningnum og tryggja að framkvæmd allra breytinga sem varða veðandlagið, svo sem hreyfingar á veðsettum eignum, sé í samræmi við ákvæði Heimstaden veðsamningsins og réttarvernd tryggð þegar við á. Til þess skal veðgæsluaðili hafa hafa fullt umboð A/F HEIM og kröfuhafa til þess að undirrita skjöl í tengslum við það hlutverk. Í þessu sambandi skal veðgæsluaðili einnig taka við og fara

yfir gögn sem A/F HEIM veitir viðtöku og stafa frá A/F HEIM vegna eða í tengslum við HEIM26 seljandalánið og senda áfram til umboðsmanna kröfuhafa til upplýsingar;

- halda utan um og varðveita öll frumrit veðskjala og annarra gagna sem hann fær afhent;
- halda utan um aðildaryfirlýsingar og skal hann hafa umboð frá A/F HEIM til að taka á móti aðildaryfirlýsingum;
- boða og, eftir atvikum, stýra veðhafafundum;
- grípa til viðeigandi fullnustuaðgerða fyrir hönd kröfuhafa í samræmi við veðhafa- og veðgæslusamninginn, og hefur hann fullt umboð til þess;
- hvorki að sinna daglegu eftirliti með störfum A/F HEIM né staðreyna eða kanna hvort A/F HEIM hlíti skilmálum skráðu skuldabréfanna. Veðgæsluaðili skal eftir bestu getu tilkynna umboðsmönnum kröfuhafa ef hann verður var við eitthvað við störf sín sem veðgæsluaðili, sem gæti raskað tryggingarréttindum kröfuhafa en veðgæsluaðili skal ekki teljast grandsamur um atvik nema hann hafi fengið skriflegar tilkynningar um atvik frá umboðsmanni kröfuhafa, kröfuhöfum, A/F HEIM eða öðrum. Veðgæsluaðili skal almennt senda afrit til A/F HEIM af öllum tilkynningum sem hann sendir til umboðsmanna kröfuhafa, nema hann telji að slíkt gæti raskað hagsmunum kröfuhafa. Þá skal veðgæsluaðili almennt senda afrit til umboðsmanna kröfuhafa af öllum tilkynningum sem hann sendir til A/F HEIM, nema slíkar tilkynningar hafi verið sendar þeim, eða umbjóðendum þeirra, í gegnum tilkynningakerfi Nasdaq Iceland.

Þá hefur veðgæsluaðili heimild til að kalla eftir og taka á móti öllum upplýsingum frá A/F HEIM sem hann telur þörf á til að hann geti sinnt skyldum sínum samkvæmt veðhafa- og veðgæslusamningnum.

Veðgæsluaðila er óheimilt að ráðstafa greiðslum sem til koma við innheimtu í kjölfar gjaldfellingar skuldabréfanna nema að slíkum greiðslum sé ráðstafað hlutfallslega jafnt milli eigenda skuldabréfanna og eigenda annarra skuldabréfa sem tryggðar eru með sömu veðum og HEIM26 seljandalánið, enda hafi slíkir skuldabréfaflokkar verið gjaldfelldir eða að til staðar sé uppgreiðsluheimild í þeim í samræmi við ákvæði útgáfulýsinga þeirra. Komi til þess að aðrir skuldabréfaflokkar verði síðar gefnir út með veðréttindum í sama eignasafni og HEIM26 seljandalánið skulu þeir innihalda ákvæði samhliða þessu.

### 2.2.1.3 HEIM26 seljandalánið og veð og ábyrgðir til tryggingar á því

#### HEIM26 seljandalánið

Með samningi um seljandalán, dagsettur 12. júlí 2021, að höfuðstólsfjárhæð kr. 4.814.469.913 (hér eftir „**HEIM26 seljandalánið**“) lánaði A/F HEIM, Heimstaden fyrir kaupverði því sem Heimstaden greiddi A/F HEIM fyrir skuldabréf í skuldabréfaflokknum HEIMA071225, sem var jafnhátt og heildarútgáfa samkvæmt HEIM26.

Samkvæmt HEIM26 seljandaláninu greiðir Heimstaden A/F HEIM lántökugjald, sem nemur kr. 37.653.967. Þá greiðir Heimstaden til A/F HEIM umsýslupóknun sem skal vera á ársgrundvelli 0,12% af meðalstöðu skuldar Heimstaden samkvæmt HEIM26 seljandaláninu í lok dags yfir það tímabil sem rúkað er fyrir, þ.e. tekið er meðaltal af heildarfjárhæð útistandandi láns í lok hvers dags yfir það tímabil sem útreikningur nær til.

Ákvæði HEIM26 seljandalánsins um endurgreiðslu, vexti, verðtryggingu endurspegla ákvæði skuldabréfanna um sama efni.

Heimstaden skal greiða allar afborganir og vaxtagreiðslur af HEIM26 seljandaláninu inn á CA reikning vörsluaðila A/F HEIM og lýsir Heimstaden því yfir að það samþykki að Heimstaden losni ekki undan greiðsluskyldu sinni samkvæmt seljandaláninu nema greiðslur séu inntar af hendi inn á

CA reikninginn með þeim fyrirmælum að vörsluaðili greiði allar slíkar greiðslur inn á vörslureikning A/F HEIM hjá vörsluaðila, nema fyrirmæli berist frá A/F HEIM um annan greiðsluhátt.

Á Heimstaden hvíla ýmsar almennar kvaðir samkvæmt HEIM26 seljandaláninu. Kvaðirnar eru sem hér segir:

#### — UPPLÝSINGAKVAÐIR

Heimstaden skuldbindur sig til að afhenda A/F HEIM afrit þeirra skjala sem tilgreind eru í liðum b. og c. hér að neðan, og skal A/F HEIM heimilt að miðla slíkum upplýsingum á hvern þann hátt sem hann kýs, þ.m.t. í gegnum miðla skipulagðs markaðar.

- a. Endurskoðaður ársreikningur fyrir samstæðu Heimstaden fyrir hvert fjárhagsár sem endar eftir útgáfudag, skal afhentur um leið og hann hefur verið samþykktur af stjórn Heimstaden og eigi síðar en 90 dögum eftir lok uppgjörstímabilsins, þar með talinn rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðsstreymi og skýringar við reikninga.
- b. Árshlutareikningur Heimstaden fyrir fyrstu sex mánuði ársins fyrir hvern árs helming sem endar eftir útgáfudag, skal afhentur um leið og hann hefur verið samþykktur af stjórn Heimstaden og eigi síðar en 60 dögum frá lokum viðkomandi uppgjörstímabils, þar með talinn rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðsstreymi á samstæðugrundvelli. Árs-  
hlutareikningar skulu vera kannaðir af löggiltum endurskoðendum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Heimstaden skulu staðfesta hverju sinni að ofangreindir reikningar gefi í meginráttum skýra mynd af fjárhagslegri stöðu Heimstaden á þeim tíma sem þeir voru gerðir.

Heimstaden skal sjá til þess að ofangreindir reikningar séu hverju sinni útbúnir miðað við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir eru staðfestir af Evrópusambandinu á hverjum tíma.

#### — ALMENNAR KVAÐIR

Heimstaden skuldbindur sig til að hlíta þeim kvöðum sem tilgreindar eru í liðum a. – g. hér að neðan, þar til skuld samkvæmt HEIM26 lánsamningnum er að fullu greidd.

- a. Heimstaden skal tilkynna A/F HEIM um hvers kyns vanefndir á skilmálum HEIM26 lánsamningsins og ásamt þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til í því skyni að bæta úr þeim (ef við á), um leið og hann verður þeirra var.
- b. Heimstaden skal greiða alla sína skatta á gjalddaga, nema að því gefnu að hann telji skattaálagningu umdeilanlega og fer með það í viðeigandi ágreiningsferli í góðri trú. Skal hann þá halda til haga fjárhæð sem talist gæti eðlileg samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu á hverjum tíma, til greiðslu slíkra umdeilda skatta.
- c. Heimstaden mun sjá til þess að veðsalar<sup>2</sup> muni váttryggja og halda váttryggðum öllum þeim veðandlögum sem er hægt að tryggja og almennt tíðkast að séu váttryggð gegn tjóni af völdum eldsvoða, auk hvers kyns öðrum hættum sem almennt er váttryggt gegn í starfsemi svipaðri þeirri sem Heimstaden hefur með höndum. Tryggja skal hjá viðurkenndum, sjálfstæðum tryggingarfélögum, og slíkar tryggingar skulu vera nægilegar að mati lánveitanda. Heimstaden mun sjá til þess að veðsalar (Heimstaden og dótturfélög sem hafa sett eignir að veði undirliggjandi skulda samkvæmt HEIM26 skuldabréfinu) muni greiða öll iðgjöld á gjalddaga og gera hverjar þær aðrar ráðstafanir

---

<sup>2</sup> Veðsalar voru dótturfélög Heimstaden sem nú hafa sameinast Heimstaden með samruna sem lauk í ágúst 2021 þar sem Heimstaden var yfirtökufélag

sem eru nauðsynlegar til þess að þær váttryggingar sem teknar hafa verið haldist í fullu gildi.

- d. Endurskoðendur Heimstaden skulu vera löggiltir endurskoðendur.
- e. Heimstaden skal sjá til þess að ekki verði gerðar neinar meiriháttar breytingar á almennri starfsemi sinni, eða veðsala frá því sem er á útgáfudegi. Heimstaden skal sjá til þess að hann og aðrir veðsalar hafi ekki með höndum aðra starfsemi en meginstarfsemi þeirra félaga. Samruni Heimstaden við dótturfélög lántaka eða á milli dótturfélaga lántaka skulu þó teljast heimil.
- f. Allar upphæðir sem koma skulu til greiðslu frá Heimstaden vegna lánessamningsins skulu inntar af hendi án nokkurs frádráttar vegna skatta, skuldajafnaðar eða gagnkrafna.
- g. Heimstaden skuldbindur sig til að tryggja að Heimstaden og veðsalar<sup>3</sup> veðsetji ekki leigutekjur þeirra fasteigna sem settar eru að veði samkvæmt tryggingarbréfum.

#### — FJÁRHAGSLEGAR KVAÐIR

Heimstaden skuldbindur sig til að hlíta þeim fjárhagslegu kvöðum sem tilgreindar eru í liðum a. – e. hér að neðan.

- a. Á prófunardegi<sup>4</sup> skal lánaþekja ekki vera hærri en 70%.
- b. Á prófunardegi skal vaxtaþekja frá síðasta prófunardegi ekki vera lægri en 1,5.
- c. Eiginfjárlutfall skal vera mælt á prófunardegi í heild fyrir samstæðu lántaka og skal að lágmarki nema 25%.
- d. Til úrbóta á lánaþekju getur lántaki eða þriðji aðili bætt við eignum sem veðsettar eru til tryggingar HEIM26 seljandaláninu og HEIM48 seljandaláninu innan tilskilins frests.
- e. Til úrbóta á vaxtaþekju og eiginfjárlutfalli getur lántaki bætt því við sem upp á rekstrartekjur og eiginfjárlutfall vantar, þannig að skilyrði um vaxtaþekju og eiginfjárlutfall séu uppfyllt innan tilskilins frests.

#### — SÉRSTAKAR KVAÐIR

Samkvæmt HEIM26 seljandaláninu skuldbindur Heimstaden sig til að hlíta eftirfarandi sérstöku kvöðum:

- a. 25% eignasafns að lágmarki skulu vera í Reykjavík, 40% í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu (þ.e. Seltjarnarnesi, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði eða Mosfellsbæ) og 35% utan höfuðborgarsvæðis, þ.e. á Akranesi, Akureyri, Suðurnesjum og Árborg, en við prófun á þessu skilyrði skal miða við bókfært virði eignanna; og
- b. að allar veðsettar fasteignir séu íbúðarhúsnæði.

Í tengslum við ofangreint og áður en HEIM26 seljandalánið var veitt afhenti Heimstaden staðfestingaraðila skýrslu um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, sbr. það sem að ofan segir, eins og nánar er mælt fyrir um í samningi við staðfestingaraðila, dags. 12. júlí 2021 milli Heimstaden, A/F HEIM og PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík (hér eftir „staðfestingaraðili“).

Heimstaden skal samkvæmt HEIM26 seljandaláninu afhenda skýrslu um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, ásamt öllum nauðsynlegum gögnum ef Heimstaden hyggst óska eftir því við A/F

<sup>3</sup> Veðsalar voru dótturfélög Heimstaden sem nú hafa sameinast Heimstaden með samruna sem lauk í ágúst 2021 þar sem Heimstaden var yfirtökufélag

<sup>4</sup> Prófunardagar sklu vera 30. júní og 31. desember á hverju ári til lokagjaldsþinga þar sem fyrsti prófunardagur er 31. desember 2021

HEIM að gerðar verði breytingar á tryggingarbréfum og/eða veðsamningi, sem standa til tryggingar á HEIM26 seljandaláninu, þannig að veðsettar eignir verðir leystar úr veðböndum og/eða nýjar eignir veðsettar. Ef fyrirhuguð breyting varðar lykileignir, skal skýrslan sérstaklega tilgreina það og fela í sér upplýsingar um viðkomandi lykileignir.

Heimstaden skal afhenda staðfestingaraðila skýrslu um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, innan 14 daga frá því að endurskoðaður ársreikningur og kannaður 6 mánaða árslutareikningur liggur fyrir, samkvæmt því sem nánar er mælt fyrir um í samningi við staðfestingaraðila.

### **Sjálfskuldarábyrgð**

Heimstaden AB (publ), skráð undir númerinu 556670-0455, Östra Promenaden 7 A, 211 28 Malmö, Svíþjóð hefur gert samning um sjálfskuldarábyrgð við A/F HEIM í tengslum við m.a. HEIM26 seljandalánið (hér eftir „**sjálfskuldarábyrgðin**“). Sjálfskuldarábyrgðin tók gildi um leið og skuld samkvæmt HEIM26 seljandaláninu stofnaðist en hún stofnaðist við afhendingu á skuldabréfum útgefnum í skuldabréfaflokknum HEIMA071225 til A/F HEIM. Sjálfskuldarábyrgðin felur m.a. í sér að hafi hún tekið gildi, þá skuldbindur Heimstaden AB (publ) sig til að greiða allar gjaldfallnar skuldir Heimstaden samkvæmt HEIM26 seljandaláninu. Samkvæmt Heimstaden veðsamningnum, verður ekki hægt að gera kröfu á grundvelli sjálfskuldarábyrgðarinnar nema búið sé að ganga að veðrétti kröfuhafa yfir HEIM26 seljandaláninu samkvæmt Heimstaden veðsamningnum. Afrit sjálfskuldarábyrgðarinnar má finna á vefsíðu A/F HEIM, [www.arctica.is/afrekstraradili/serhaefdir-sjodir/afheim/skuldabrefafjarmognun/](http://www.arctica.is/afrekstraradili/serhaefdir-sjodir/afheim/skuldabrefafjarmognun/). Eftir dagsetningu sjálfskuldarábyrgðarinnar er heimilt og skylt ef eignarhald á öllu hlutafé í Heimstaden er fært frá Heimstaden AB (publ) til Heimstaden Bostad AB, skráð undir númerinu 556864-0873, Östra Promenaden 7 A, 211 28 Malmö, Svíþjóð, að Heimstaden Bostad AB komi í stað Heimstaden AB (publ) með tilkynningu til A/F HEIM og veðgæsluaðila og skal þá Heimstaden AB (publ) teljast laust undan skuldbindingu sinni frá dagsetningu tilkynningarinnar, enda taki Heimstaden Bostad AB við öllum skuldbindingum samkvæmt sjálfskuldarábyrgðinni frá sama tíma. Viðræður hafa farið fram á milli Heimstaden AB (publ) og Heimstaden Bostad AB um hvort eignarhald á Heimstaden og framangreind ábyrgð skuli flutt en niðurstaða þeirra var sú að eigendur Heimstaden Bostad AB höfðu málaletan Heimstaden AB (publ) sem er því enn eigandi hlutafjár Heimstaden og sjálfskuldarábyrgðaraðili. Heimstaden Bostad er stærsti eigandi Heimstaden AB sem er 100% eigandi alls hlutafjár Heimstaden ehf.

### **Tryggingarbréf**

Til tryggingar efndum HEIM26 seljandalánsins og HEIM48 seljandalánsins veitir Heimstaden ennfremur veð í tilgreindu fasteignasafni (hér eftir „**tryggingasafnið**“) með afhendingu þriggja tryggingarbréfa sem upphaflega var þinglýst á 2. veðrétt (með uppfærslurétti) þeirra fasteigna sem tilgreindar eru í fylgiskjali III - V við HEIM26 seljandalánið. Í ljósi uppgreiðslu/niðurfellingar skuldabréfaflokksins HEIMA071225 og HEIM071248 sem áður hvíldu á 1. veðrétti viðkomandi eigna, var tryggingarbréfum sem stóðu til tryggingar á skuldabréfum í skuldabréfaflokknum HEIMA071225 og HEIMA071248 aflétt og færðust við það tryggingarbréf sem standa til tryggingar á HEIM26 seljandaláninu og HEIM48 seljandaláninu upp á 1. veðrétt.

Fasteignirnar í tryggingasafninu geta eftir atvikum verið í eigu dótturfélaga Heimstaden. Heimstaden er heimilt að bæta við dótturfélögum og/eða sameina dótturfélög Heimstaden eða sameinast sjálft dótturfélögum, enda rýri það ekki tryggingasafnið.

Tryggingasafnið tryggir, ásamt skuldum Heimstaden samkvæmt HEIM26 seljandaláninu, skuldir þess samkvæmt HEIM48 seljandaláninu.

Heimstaden er heimilt að veðsetja innstæður á bankareikningum sem hluta af tryggingasafninu til tryggingar HEIM26 seljandaláninu og HEIM48 seljandaláninu sé þess þörf til að uppfylla sérstök skilyrði seljandalánsins.

Heimstaden er óheimilt að veðsetja (e. negative pledge) leigutekjur af fasteignum í tryggingasafninu.

Samkvæmt Heimstaden veðsamningnum skipar A/F HEIM veðgæsluaðila til þess að fara með öll réttindi og koma fram fyrir sína hönd og í sínu umboði í tengslum við tryggingarbréf og veðsamning sem standa til tryggingar á HEIM26 seljandaláninu og HEIM48 seljandaláninu.

Nánar skal fjallað um hinar undirliggjandi eignir tryggingasafnsins, sem eru til tryggingar HEIM26 seljandaláninu í kafla 2.10 „Tryggingasafnið“.

### Staðfestingaraðili

Í tengslum við HEIM26 seljandalánið var gerður samningur, dags. 12. júlí 2021, við PricewaterhouseCoopers ehf., sem staðfestingaraðila, um hlutverk hans í tengslum við HEIM26 seljandalánið og HEIM48 seljandalánið. Samningur við staðfestingaraðila er í gildi á líftíma HEIM26 seljandalánsins. Óski Heimstaden eða A/F HEIM eftir að skipta um staðfestingaraðila krefst það samþykkis veðhafafundar, samkvæmt Heimstaden veðsamningnum, en veðgæsluaðili skal bera slíka ósk upp á veðhafafundi f.h. A/F HEIM eða Heimstaden ekki veita slíkt samþykki nema að fengnu samþykki 2/3 hluta atkvæða sem farið er með á veðhafafundi til ákvarðanatöku.

Staðfestingaraðila ber að fara yfir og staðfesta forsendur og útreikninga í skýrslu um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir. Skýrslu þessa ber A/F HEIM, samkvæmt HEIM26 seljandaláninu, að afhenda staðfestingaraðila við eftirfarandi tímamörk:

- Fyrir útgáfudag, þ.e. þann dag sem andvirði HEIM26 seljandalánsins er greitt út.
- Ef Heimstaden hyggst óska eftir því við A/F HEIM að gerðar verði breytingar á tryggingarbréfunum og/eða veðsamning um veðsetningu innstæðna, þannig að veðsettar eignir verði leystar úr veðböndum og/eða nýjar eignir veðsettar.
- Innan 14 daga frá því að endurskoðaður ársreikningur og kannaður 6 mánaða árs hlutareikningur liggur fyrir frá Heimstaden.

Um skyldur staðfestingaraðila fer að öðru leyti skv. ákvæðum HEIM26 seljandalánsins og þjónustusamnings staðfestingaraðila við A/F HEIM gerðum á grundvelli HEIM26 seljandalánsins.

### Umboðsmaður kröfuhafa

#### Almennt

Í tengslum við skuldabréfaútgáfu þessa hefur verið gerður samningur, dags. 12. júlí 2021, við Lex ehf., kt. 570297-2289, Borgartúni 26, 105 Reykjavík (hér eftir „LEX“ og hér eftir kann að vera vísað til LEX í hlutverki sínu sem umboðsmaður kröfuhafa sem „**umboðsmaður kröfuhafa**“).

Þótt umboðsmaður kröfuhafa sé upphaflega skipaður af A/F HEIM eru starfsskyldur umboðsmanns kröfuhafa alfarið gagnvart kröfuhöfum og hefur hvorki A/F HEIM né nokkur þriðji aðili boðvald yfir umboðsmanni kröfuhafa og er óheimilt að hafa áhrif á störf hans eða skipun, nema að svo miklu leyti sem sérstaklega er kveðið á um slíkt í umboðssamningnum. Sami umboðsmaður kröfuhafa skal vera fyrir alla eigendur skuldabréfanna og skal hann gæta hagsmuna allra kröfuhafa jafnt.

Kröfuhafar geta tekið ákvörðun á kröfuhafafundi um að segja umboðsmanni kröfuhafa upp störfum og fela A/F HEIM að skipa nýjan í hans stað, með fyrirvara um samþykki kröfuhafa. Vilji umboðsmaður kröfuhafa láta af störfum skal hann þegar í stað upplýsa A/F HEIM um það og skal A/F HEIM þá, eins fljótt og kostur er, skipa nýjan umboðsmanni kröfuhafa, með fyrirvara um samþykki kröfuhafa.

Umboðsmaður kröfuhafa skal vera óháður A/F HEIM, Heimstaden og samstæðu Heimstaden í störfum sínum fyrir kröfuhafa. Umboðsmanni kröfuhafa óheimilt taka að sér önnur störf eða verkefni

fyrir A/F HEIM eða samstæðu Heimstaden á gildistíma samningsins, sem fara í bága við almennar hagsmunaárekstrareglur umboðsmanns og eftir atvikum, viðkomandi fagfélags umboðsmanns á hverjum tíma. Framangreint kemur ekki í veg fyrir að umboðsmaður kröfuhafa taki að sér hlutverk veðgæsluaðila, enda eru skyldur umboðsmanns kröfuhafa samkvæmt samningnum í þágu kröfuhafa og skyldur veðgæsluaðila samkvæmt veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu í þágu allra sem eiga kröfur sem falla undir tryggingafyrirkomulagið, en ekki A/F HEIM eða samstæðu Heimstaden. Veðgæsluaðila er þó heimilt að sinna veðgæslu fyrir A/F HEIM sem leiðir af Heimstaden veðsamningnum.

Umboðsmaður kröfuhafa skal búa yfir nægilegri þekkingu til að gegna starfinu. Umboðsmaður kröfuhafa skal vera lögmannsstofa, endurskoðunarfyrtæki, fjármálafyrtæki eða annar aðili með sérþekkingu á viðkomandi sviði, með fullnægjandi þekkingu á fasteignum, verðbréfamarkaði og fjármögnun félaga sambærilegum Heimstaden og að öðru leyti með burði til að gegna hlutverkinu, meðal annars með tilliti til stærðar og rekstraröryggis.

Með því að fjárfesta í HEIM26 skuldabréfi samþykkir viðkomandi kröfuhafi fyrir sitt leyti framangreint fyrirkomulag og efni umboðssamnings viðkomandi skuldabréfaflokks sem nálgast má á heimasíðu A/F HEIM, nú [www.arctica.is/afrekstraradili/serhaefdir-sjodir/af-heim/skuldabrefafjarmognun/](http://www.arctica.is/afrekstraradili/serhaefdir-sjodir/af-heim/skuldabrefafjarmognun/).

#### *Hlutverk og skyldur umboðsmanns kröfuhafa*

Umboðsmaður kröfuhafa hefur fullt og ótakmarkað umboð kröfuhafa til að annast þau verkefni sem honum eru fengin á grundvelli umboðssamningsins. Umboðsmaður kröfuhafa skal í störfum sínum gæta hagsmuna allra kröfuhafa gagnvart A/F HEIM og veðgæsluaðila. Jafnframt skal umboðsmaður kröfuhafa gæta þess í störfum sínum að mismuna ekki kröfuhöfum og að allir kröfuhafar njóti hlutfallslega jafns réttar innbyrðis.

Umboðsmaður kröfuhafa skal koma fram fyrir hönd kröfuhafa gagnvart A/F HEIM og veðgæsluaðila og annast öll samskipti við framangreinda aðila fyrir hönd kröfuhafa, þ.m.t. á grundvelli veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins. Umboðsmaður kröfuhafa skal þannig mæta á veðhafafundi sem haldnir eru samkvæmt veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu, greiða þar atkvæði og koma fram f.h. kröfuhafa í samræmi við ákvarðanir kröfuhafafundar.

Ef umboðsmaður kröfuhafa verður var við vanefnd A/F HEIM á skuldbindingum sínum samkvæmt skuldabréfum, skal hann senda áskorun til A/F HEIM um að bæta úr vanefnd innan tilskilins frests, ef við á. Verði ekki bætt úr vanefnd innan tilskilinna tímamarka eða heimild er til þess að gjaldfella kröfur samkvæmt skuldabréfunum af öðrum sökum, skal umboðsmaður kröfuhafa boða til kröfuhafafundar í samræmi við ákvæði umboðssamningsins.

Umboðsmaður kröfuhafa skal varðveita öll skjöl sem hann móttækur frá A/F HEIM og veðgæsluaðila á grundvelli umboðssamningsins og framsenda afrit til kröfuhafa til upplýsingar. Þetta gildir þó ekki um tilkynningar um atriði sem A/F HEIM tilkynnir eða hefur tilkynnt á skipulegum markaði þar sem skuldabréfin hafa verið tekin til viðskipta. Umboðsmanni kröfuhafa skal vera heimilt að óska eftir og taka við upplýsingum frá verðbréfamiðstöð um kröfuhafa á hverjum tíma og afhenda A/F HEIM. Umboðsmanni skal jafnframt heimilt að miðla slíkum upplýsingum til veðgæsluaðila.

Hafi kröfuhafar tekið ákvörðun á kröfuhafafundi um að gjaldfella kröfur sínar, skal umboðsmaður kröfuhafa fara eftir þeim fyrirmælum sem kröfuhafar samþykkja á kröfuhafafundi um mögulegar fullnustuaðgerðir og framkvæmd þeirra, í samræmi við ákvæði veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins. Fjármunum sem umboðsmaður kröfuhafa móttækur á grundvelli fullnustuaðgerða skal ráðstafað til kröfuhafa í þeirri röð og með þeim hætti sem mælt er fyrir um í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu. Umboðsmaður kröfuhafa skal grípa til viðeigandi ráðstafana verði hann var við að veðgæsluaðili eða staðfestingaraðili starfi ekki í samræmi við skyldur þeirra samkvæmt veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu eða samningnum við staðfestingaraðila.



Umboðsmanni kröfuhafa ber þó ekki skylda til að hafa frumkvæði að sérstökum athugunum til að ganga úr skugga um slíkt.

#### *Kröfuhafafundur*

Ef umboðsmaður kröfuhafa telur nauðsynlegt eða æskilegt að bera undir kröfuhafa málefni sem tengjast umboðssamningnum, HEIM26 eða HEIM26 seljandaláninu, veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu, samningi við staðfestingaraðila eða öðrum atriðum, skal umboðsmaður kröfuhafa boða til kröfuhafafundar í samræmi við ákvæði umboðssamningsins.

Umboðsmaður kröfuhafa skal, nánar tiltekið, boða til kröfuhafafundar eins fljótt og auðið er í eftirtöldum tilfellum:

- ef A/F HEIM eða veðgæsluaðili óskar eftir því eða ef veðgæsluaðili boðar til veðhafafundar;
- í kjölfar vanefnda samkvæmt skuldabréfum, sem ekki hefur verið bætt úr, sem umboðsmaður kröfuhafa verður var við eða sem A/F HEIM hefur tilkynnt um;
- ef 1/4 hluti kröfuhafa, miðað við fjárhæð útstandandi krafna á grundvelli skuldabréfanna skv. upplýsingum úr skráum verðbréfamiðstöðvar, óskar eftir fundi;
- ef staðfestingaraðili tilkynnir að hann muni ekki staðfesta skýrslu um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir eða ef staðfestingaraðili hefur ekki sent umboðsmanni kröfuhafa niðurstöðu sína innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í samningi við staðfestingaraðila; eða
- ef umboðsmaður kröfuhafa telur rétt vegna annarra atvika.

Umboðsmaður kröfuhafa skal ávallt boða alla kröfuhafa á kröfuhafafundi, miðað við skráðar upplýsingar í kerfum verðbréfamiðstöðvar á boðunardegi, en einnig er honum heimilt að boða A/F HEIM, Heimstaden, staðfestingaraðila, veðgæsluaðila eða aðra aðila telji hann slíkt nauðsynlegt eða æskilegt vegna einstakra dagskrárliða.

Umboðsmaður kröfuhafa skal boða til kröfuhafafundar með að lágmarki 7 daga fyrirvara og að hámarki 21 dags fyrirvara. Dagskrá, tillögur og gögn skulu send kröfuhöfum með sama hætti og boðun með að lágmarki 7 daga fyrirvara.

Umboðsmaður kröfuhafa skal boða til kröfuhafafundar með tilkynningu til kröfuhafa í gegnum kerfi verðbréfamiðstöðvar. Umboðsmaður kröfuhafa skal tilkynna A/F HEIM um fyrirhugaða boðun kröfuhafafundar tímanlega til þess að gefa honum kost á því að uppfylla upplýsingaskyldu sína samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Þá skal umboðsmaður kröfuhafa tilkynna A/F HEIM um niðurstöður fundarins með sama hætti.

Umboðsmaður kröfuhafa ákveður dagskrá kröfuhafafundar. Kröfuhafar skulu kjósa fundarstjóra og fundarritara á kröfuhafafundi. Fundarstjóri skal í upphafi fundar staðfesta hvort fundur sé ályktanabær. Til þess að kröfuhafafundur sé ályktanabær þarf fundurinn að hafa verið rétt boðaður í samræmi við ákvæði umboðssamningsins og fulltrúar kröfuhafa sem fara að lágmarki með 50% atkvæðisréttar, við lok dags daginn fyrir fund, að vera mættir á fundinn. Ef kröfuhafafundur er ekki ályktanabær vegna ónógrar fundarsóknar skal umboðsmaður kröfuhafa slíta fundi án þess að taka þar til afgreiðslu nein mál. Umboðsmaður kröfuhafa skal í kjölfar slíks fundar, án ástæðulauss dráttar, boða nýjan kröfuhafafund sem haldinn skal eigi fyrr en að 7 dögum liðnum og eigi síðar en 14 dögum eftir þann fyrri. Sá fundur er ávallt ályktanabær, óháð fundarsókn, ef til hans var boðað með réttum hætti.

Á kröfuhafafundi miðast atkvæðisréttur kröfuhafa við uppgreiðsluverðmæti skuldabréfa í eigu viðkomandi kröfuhafa sem hlutfall af uppgreiðsluverðmæti allra skuldabréfanna við lok dags daginn fyrir fund. Ef upp kemur ágreiningur varðandi atkvæðisrétt kröfuhafa, þá skal fundarstjóri skera úr þeim ágreiningi og er úrlausn hans bindandi fyrir alla aðila.

A/F HEIM og aðilar innan samstæðu Heimstaden njóta ekki atkvæðisréttar vegna skuldabréfa sem kunna að vera í þeirra eigu og skulu þau skuldabréf ekki talin með við afmörkun samþykkishlutfalls.

Ákvarðanir á kröfuhafafundi skulu einungis teljast samþykktar ef atkvæði eru greidd með þeim í þeim hlutföllum sem getið er hér á eftir. Ef ekki er kveðið á um annað í samningnum, þarf samþykki a.m.k. 2/3 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi til ákvarðanatöku. Ákvörðun um að gjaldfella kröfur þarfnast samþykkis meira en 1/3 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi. Hafi gjaldfellingarheimild myndast vegna vanefnda á greiðslu höfuðstóls eða vaxta af skuldabréfunum nægir þó samþykki meira en 1/10 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi. Eftirfarandi ákvarðanir þarfnast þó samþykkis 9/10 hluta atkvæða sem farið er með á kröfuhafafundi:

- Breytingar á vaxtakjörum.
- Breytingar á gjalddögum vaxta eða höfuðstóls, nema um sé að ræða einstaka tímabundnar undanþágur (e. waiver) sem ekki eru ákveðnar til lengri tíma en sex mánaða í senn.
- Breytingar á uppgreiðsluheimild og uppgreiðslugjaldi.
- Breytingar á höfuðstólsfjárhæð.
- Samþykki f.h. kröfuhafa á veðhafafundi fyrir afléttingu veða af lykileignum (eins og það hugtak er skilgreint í HEIM26 seljandaláninu) eða breytingum á réttindum varðandi lykileignirnar.
- Breytingar á samningnum, samþykki fyrir breytingum á veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu f.h. kröfuhafa. Framangreint á þó ekki við um breytingar sem leiðir af því að nýr aðili tekur við hlutverki umboðsmanns kröfuhafa í samræmi við samninginn eða leiðir af tilkynningu um nýjan viðtakanda tilkynninga eða breytt heimilisfang eða sambærilegar breytingar á veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu.

Ef lögmætur fundur kröfuhafa samþykkir, með tilskyldu hlutfalli, gjaldfellingu krafna og að því gefnu að sami aðili gegni ekki hlutverki umboðsmanns kröfuhafa og hlutverki veðgæsluaðila, þá skal umboðsmaður kröfuhafa, svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir kröfuhafafund, tilkynna veðgæsluaðila um slíka ákvörðun ásamt beiðni um að veðhafafundur verði boðaður til samræmis við ákvæði veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins. Ákvarðanir sem teknar eru með tilskyldum atkvæðafjölda á ályktanabærum kröfuhafafundi binda alla kröfuhafa.

### **Veðhafa- og veðgæslusamkomulagið**

#### *Almennt*

Gert hefur verið veðhafa- og veðgæslusamkomulag á milli A/F HEIM, veðgæsluaðila og umboðsmanna kröfuhafa. Markmið veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins er að veita eigendum skuldabréfanna sameiginleg veðréttindi yfir HEIM26 seljandaláninu og eigendum skuldabréfa í skuldabréfaflokki HEIM48 með veð í HEIM48 seljandaláni sem A/F HEIM veitir Heimstaden vegna kaupa Heimstaden á skuldabréfum í skuldabréfaflokki HEIMA071248 og tryggja jafnan rétt veðhafa ef gengið verður að þeim eignum sem beint eða óbeint standa til tryggingar HEIM26 eða HEIM48.

Veðgæsluaðili er í upphafi skipaður af A/F HEIM. Starfsskyldur veðgæsluaðila eru þó alfarið gagnvart veðhöfum og hefur hvorki A/F HEIM né neinn þriðji aðili boðvald yfir veðgæsluaðila og er óheimilt að hafa áhrif á störf hans eða skipun, nema að svo miklu leyti sem sérstaklega er kveðið á um í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu.

#### *Aðild og forgangsréttur*

Aðild að veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu er með þeim hætti að sérhver umboðsmaður kröfuhafa í viðeigandi skuldabréfaflokki undirritar aðildaryfirlýsingu svo þeir verði aðilar að veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu og tryggingafyrirkomulaginu, fyrir hönd og í umboði veðhafa. Skuldbindur framangreint bæði upphaflega eigendur veðtryggðra skuldabréfa sem og síðari framsalshafa. Sérhver veðhafi telst hafa samþykkt þau réttindi og skyldur sem lýst er í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu frá þeim degi sem umboðsmaður kröfuhafa undirritar og afhendir veðgæsluáðila aðildaryfirlýsingu.

Með aðild að veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu samþykkir sérhver veðhafi að allir veðhafar njóti hlutfallslega jafns réttar miðað við stöðu veðtryggðra krafna í tengslum við veðrétt yfir viðeigandi seljandaláni samkvæmt Heimstaden veðsamningnum og þeim réttindum sem viðkomandi seljandalanum fylgir. Veðhafar afsala sér jafnframt rétti sínum til að grípa til sjálfstæðra aðgerða til innheimtu og fullnustu krafna á grundvelli veðtryggðs skuldabréfs, nema í samræmi við veðhafa- og veðgæslusamkomulagið. A/F HEIM er með öllu óheimilt að veita einum veðhafa hvers konar viðbótarveð eða greiða viðbótargreiðslur umfram samningsbundnar greiðslur á umsömdum gjalddögum vegna skuldbindinga sem tryggðar eru með tryggingafyrirkomulaginu, nema öllum veðhöfum sé jafnframt veitt sama viðbótarveð eða greidd hlutfallslega jöfn viðbótargreiðsla. A/F HEIM er jafnframt óheimilt að kaupa á markaði útgefin skuldabréf nema slíkt kaupboð sé sett fram til allra eigenda skuldabréfanna.

#### *Veðgæsluáðili*

LEX er upphaflegur veðgæsluáðili vegna tryggingafyrirkomulagsins (hér eftir kann að vera vísað til LEX í hlutverki sínu sem veðgæsluáðila sem „**veðgæsluáðili**“). Veðgæsluáðili skal vera óháður A/F HEIM og samstæðu Heimstaden í störfum sínum fyrir veðhafa. Veðgæsluáðila er óheimilt taka að sér önnur störf eða verkefni fyrir A/F HEIM eða samstæðu Heimstaden á gildistíma samkomulagsins sem fara í bága við almennar hagsmunaárekstrareglur veðgæsluáðila og Lögmannafélags Íslands á hverjum tíma. Veðgæsluáðila er þó heimilt að sinna veðgæslu fyrir A/F HEIM sem leiðir af Heimstaden veðsamningnum.

Veðgæsluáðili skal búa yfir nægilegri þekkingu til að gegna starfinu. Veðgæsluáðili skal vera lögmannsstofa, með sérþekkingu á viðkomandi sviði, með fullnægjandi þekkingu á fasteignum, verðbréfamarkaði og fjármögnun sambærilegra félaga og Heimstaden og að öðru leyti með burði til að gegna hlutverkinu, meðal annars með tilliti til stærðar og rekstraröryggis.

Umboðsmenn kröfuhafa geta tekið ákvörðun á veðhafafundi um að segja veðgæsluáðila upp störfum og fela A/F HEIM að skipa nýjan í hans stað, með fyrirvara um samþykki veðhafa. Vilji veðgæsluáðili láta af störfum skal hann þegar í stað upplýsa A/F HEIM um það og skal A/F HEIM þá, eins fljótt og kostur er, skipa nýjan veðgæsluáðila, með fyrirvara um samþykki umboðsmanna kröfuhafa.

Veðgæsluáðili skal gæta hagsmuna veðhafa gagnvart A/F HEIM og vera í samskiptum við umboðsmenn kröfuhafa. Hlutverk og skyldur veðgæsluáðila felast í að ganga úr skugga um um að veðin sem veitt eru samkvæmt Heimstaden veðsamningnum séu gild og réttarvernd undirliggjandi veðréttinda sé tryggð. Þá skal veðgæsluáðili hafa umsjón með veðréttindum samkvæmt Heimstaden veðsamningnum og tryggja að framkvæmd allra breytinga sem varða veðandlagið sé í samræmi við ákvæði Heimstaden veðsamningsins. Veðgæsluáðili skal hafa fullt umboð A/F HEIM til að undirrita skjöl í tengslum við það hlutverk. Veðgæsluáðili skal halda utan um og varðveita öll frumrit veðskjala og annarra gagna sem hann fær afhent. Veðgæsluáðili heldur utan um aðildaryfirlýsingar og skal hann hafa umboð frá A/F HEIM til að taka á móti aðildaryfirlýsingum.

Veðgæsluáðili skal hafa umsjón með veðréttindum samkvæmt Heimstaden veðsamningnum og framkvæmd samkvæmt honum, sem og. bera ábyrgð á að hreyfingar á veðsettum eignum séu réttilega framkvæmdar og réttarvernd tryggð þegar við á. Í því sambandi skal veðgæsluáðili taka

## Veðbréfalýsing skuldabréfaflokksins HEIM070826

við og fara yfir gögn sem sjóðurinn veitir viðtöku og stafa frá A/F HEIM vegna eða í tengslum við HEIM26 seljandalánið og/eða HEIM48 seljandalánið og senda áfram til umboðsmanna kröfuhafa til upplýsingar.

Veðgæsluaðili hefur heimild til að kalla eftir og taka á móti öllum upplýsingum frá A/F HEIM sem hann telur þörf á til að hann geti sinnt skyldum sínum samkvæmt veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu.

Veðsgæsluaðili skal boða og, eftir atvikum, stýra veðhafafundum. Veðgæsluaðili skal grípa til viðeigandi fullnustuaðgerða fyrir hönd veðhafa í samræmi við veðhafa- og veðgæslusamkomulagið og hefur hann fullt umboð til þess.

Veðgæsluaðili skal hvorki sinna daglegu eftirliti með störfum A/F HEIM né staðreyna eða kanna hvort A/F HEIM hlíti skilmálum skuldabréfanna.

Veðgæsluaðili skal eftir bestu getu tilkynna umboðsmönnum kröfuhafa ef hann verður var við eitthvað við störf sín sem veðgæsluaðili, sem gæti raskað tryggingarréttindum veðhafa en veðgæsluaðili skal ekki teljast grandsamur um atvik nema hann hafi fengið skriflegar tilkynningar um atvik frá umboðsmanni kröfuhafa, veðhöfum eða A/F HEIM. Veðgæsluaðili skal almennt senda afrit til A/F HEIM af öllum tilkynningum sem hann sendir til umboðsmanna kröfuhafa, nema hann telji að slíkt gæti raskað hagsmunum veðhafa. Þá skal veðgæsluaðili almennt senda afrit til umboðsmanna kröfuhafa af öllum tilkynningum sem hann sendir til A/F HEIM, nema slíkar tilkynningar hafi verið sendar þeim, eða umbjóðendum þeirra, í gegnum tilkynningakerfi Nasdaq Iceland.

### *Veðhafafundir*

Veðgæsluaðili boðar umboðsmenn kröfuhafa á veðhafafundi ef þörf er á samþykki veðhafa í samræmi við veðhafa- og veðgæslusamkomulagið. Veðgæsluaðili er skuldbundinn til þess að boða til veðhafafundar ef hann fær beiðni þess efnis frá umboðsmanni kröfuhafa eða A/F HEIM. Þá ber honum jafnframt að boða til veðhafafundar að eigin frumkvæði, verði hann áskynja um atriði sem hann telur nauðsynlegt að taka fyrir á veðhafafundi.

Veðgæsluaðili skal bregðast við öllum beiðnum eða tilkynningum eins fljótt og auðið er. Eigi síðar en 7 dögum frá móttöku beiðni þess efnis skal veðgæsluaðili boða umboðsmenn kröfuhafa á veðhafafund með eigi skemmri fyrirvara en 14 daga og eigi lengri fyrirvara en 28 daga. Heimilt er að boða veðhafafund með skemmri fyrirvara en hér er mælt fyrir um ef allir umboðsmenn kröfuhafa sammælast um það, en slíkur fyrirvari skal þó aldrei vera skemmri en 7 dagar. Skal fundarboð sent á umboðsmenn kröfuhafa með sannanlegum hætti. Í fundarboði skal tilgreina fundarstað, fundartíma, dagskrá og tillögur fyrir veðhafafund.

Umboðsmenn kröfuhafa mæta fyrir hönd veðhafa á veðhafafundi og greiða atkvæði þar í samræmi við fyrirmæli frá þeim veðhöfum sem þeir sækja umboð sitt til. Veðgæsluaðili og umboðsmenn kröfuhafa, sem og ráðgjafar þeirra og fulltrúar, eiga rétt á að sækja veðhafafund, auk annarra sem veðgæsluaðili boðar en eingöngu veðhafar hafa atkvæðisrétt á slíkum fundum. Veðgæsluaðili skal setja fundinn. Umboðsmenn kröfuhafa á veðhafafundi skulu kjósa fundarstjóra og fundarritara. Fundarstjóri skal í upphafi fundar staðfesta hvort fundurinn sé ályktunarbær. Til að veðhafafundur sé ályktunarbær þarf fundurinn að hafa verið boðaður með réttum hætti og umboðsmenn kröfuhafa sem fara með a.m.k. 50% atkvæðisréttar séu mættir á fundinn. Ef veðhafafundur er ekki ályktunarbær vegna ónógrar fundarsóknar skal veðgæsluaðili slíta fundi án þess að taka þar til afgreiðslu nein mál. Veðgæsluaðili skal í kjölfar slíks fundar, án ástæðulauss dráttar, boða umboðsmenn kröfuhafa á nýjan fund sem haldinn verður ekki fyrr en sjö dögum síðar og ekki seinna en 14 dögum síðar. Sá fundur er ávallt ályktanabær, óháð fundarsókn, ef til hans var boðað með réttum hætti.

Þær ákvarðanir sem umboðsmenn kröfuhafa, eða fulltrúar þeirra, taka á veðhafafundi geta eingöngu verið eftirfarandi:

- Hvort ganga skuli að veðum sem Heimstaden veðsamningurinn veitir, að fullu eða að hluta, og ef það skal gert, á hvaða hátt.
- Hafi verið ákveðið að ganga að veðréttindum samkvæmt Heimstaden veðsamningnum, til hvaða aðgerða skuli grípa á grundvelli seljandalánanna og veðréttinda eða ábyrgða sem standa þeim til tryggingar og þá með hvaða hætti.
- Hvort hefja skuli samningaviðræður við A/F HEIM í kjölfar vanefndatilviks og skipa samninganefnd til samningaviðræðna og hvort samþykkja skuli tillögur sem lagðar eru fyrir veðhafafund í framhaldi samningaviðræðna.
- Hvort breyta eigi ákvæðum veðskjala eða veita samþykki til breytinga á grundvelli veðskjala, þar sem samþykki veðhafafundar er áskilið, eða hvort veita eigi undanþágur frá ákvæðum veðskjala.
- Hvort afturkalla eigi skipun veðgæsluaðila og hvort samþykkja eigi nýjan veðgæsluaðila.

Á veðhafafundi miðast atkvæðisréttur umboðsmanna kröfuhafa við uppgreiðsluverðmæti veðtryggðra skuldabréfa innan skuldabréfaflokks sem hann er í umboði fyrir sem hlutfall af uppgreiðsluverðmæti allra þeirra krafna á hendur A/F HEIM sem tryggðar eru samkvæmt tryggingafyrirkomulaginu, eins og það er við lok dags daginn fyrir veðhafafund, að teknu tilliti til skuldabréfa sem eru í eigu A/F HEIM, Heimstaden eða félaga í samstæðu Heimstaden, en þau bera ekki atkvæðisrétt og skulu ekki tekin með við útreikning á samþykkishlutfalli.

Umboðsmenn kröfuhafa skulu tilkynna veðgæsluaðila um hvort skuldabréf í viðkomandi flokki séu í eigu A/F HEIM, Heimstaden eða félaga í samstæðu Heimstaden og eftir atvikum uppgreiðsluverðmæti þeirra.

Sérhver umboðsmaður kröfuhafa skal leggja fram upplýsingar um uppgreiðsluverðmæti veðtryggðra skuldabréfa þess skuldabréfaflokks, eða þeirra krafna, sem hann er í umboði fyrir. Ef ágreiningsmál koma upp í tengslum við atkvæðisrétt á veðhafafundi skal fundarstjóri skera úr þeim ágreiningi en séu umboðsmenn kröfuhafa ósáttir við niðurstöðu fundarstjóra, geta þeir látið reyna á lögsmæti hennar fyrir dómi.

Ákvarðanir sem teknar eru með tilskildu samþykkishlutfalli á ályktanabærum veðhafafundi binda alla veðhafa sem tryggðir eru samkvæmt tryggingafyrirkomulaginu. Ef ekki er kveðið á um annað í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu þarf samþykki 2/3 hluta atkvæða sem farið er með á veðhafafundi til ákvarðanatöku. Ákvarðanir um eftirgjöf trygginga, þarfnast samþykkis 9/10 hluta atkvæða sem farið er með á veðhafafundi, að svo miklu leyti sem slíkar breytingar eru ekki sérstaklega heimilaðar í Heimstaden veðsamningnum.

#### *Skipan samninganefndar úrræði veðhafa og fullnusta veðtrygginga*

Ef ályktunarbær veðhafafundur ákveður að hefja samningaviðræður við A/F HEIM vegna vanefndatilviks skal skipuð samninganefnd fyrir hönd veðhafa til að semja við A/F HEIM. Skal samninganefndin samanstanda af öllum umboðsmönnum kröfuhafa.

